

NEYTENDA BLAÐIÐ

1. tbl. 62. árg. - mars 2016

NETFLIX

– nýjasti tímapjófurinn

SNJALLSÍMAR

– gæðakönnun

Glýfosat

– ekki bara í
jarðveginum

Má skrópa á
veitingahús?

OLED

– sjónvarp
framtíðarinnar



Frelsi eða helsi?

Ég er gersamlega ómissandi. Það er því vitaskuld nauðsynlegt að hægt sé að ná símasambandi við mig öllum stundum; líka þegar ég er í baði, í bíó, á tónleikum, veitingastöðum eða í leikhúsi. Einu skiptin sem ég er neydd til að vera algerlega án símasambands, þ.e. í flugi og í sundi, ímynda ég mér svo að akkúrat rétt á meðan: kvikni í heima hjá mér, hundurinn týnist, maðurinn minn læsi sig úti og aðrir í nærfjölskyldunni lendi í einhverjum ólýsanlegum hremmingum sem aðeins ég get bjargað þeim úr – ég og síminn minn! Það hefur raunar aldrei gerst – en samt. Ég lít annars svo á að allir séu ómissandi og ef ég næ ekki í einhvern í síma er eina rökrétta skýringin sú að a) viðkomandi sé látinn eða b) honum sé haldið í gíslingu utan símasambands, því ENGINN sleppir því sjálfviljugur að svara í símann.

Einhvern veginn komst ég þó af án farsíma, þessa mikilvæga „öryggis-tækis“, langt fram á þritugsaldur (þó dóttir mín trúi ekki að slíkt líf sé yfirhöfuð mögulegt). Um daginn fór síminn minn svo að hiksta eitthvað og drepa á sér án nokkurs tilefnis. Fyrstu viðbrögð hjá mér voru vitaskuld að kanna hvort einhvers staðar væri næturopnun svo ég gæti rokið til og keypt mér síma með það sama. Þegar svo var ekki fór ég að íhuga af hverju ég þyrfti síma og fyrir hvern hann væri. Hvort ég væri kannski þræll símans fremur en að hann væri þjónn minn. Þegar ég var að hugsa þetta leit ég aðeins upp frá símanum og sá þá að aðrir á heimilinu líta aldrei upp; yfir sjónvarpinu, við matarborðið, yfir kaffibollanum og jafnvel í samræðum við raunverulegt fýsískt fólk, á veitingastöðum og í bíói er annað augað alltaf á símanum. Þannig situr líðið hokið með flata þumla öllum stundum. Séð utan frá virðist ekki um sérdeilis spennandi eða áhugavert líf að ræða.

Sumsé; til hvers þarf ég farsíma? 90% af tíma mínum eyði ég í vinnunni eða heima. Á báðum stöðum er gamaldags talsími með snúru sem hægt er að hringja í. Hin 10% tímans er ég að öllum líkindum að gera eitthvað skemmtilegra en að tala við tryggingasölumenn og bankaráðgjafa (flestar símtöl eru frá þessum aðilum hvort eð er). Vilji fólk svo ekki hringja á gamla mátann (mér skilst raunar að símtöl séu algerlega úreltur samskiptamáti hjá yngra fólki) er hægt að ná í mig í þremur tölvupóstföngum og á Facebook, Skype og Twitter. Allt sem ég get gert í símanum en telst ekki til hefðbundins hlutverks síma, eins og að hanga á netinu, leika mér í tölvuleikjum og hlusta á tónlist, get ég auðveldlega gert í tölvu. Það er sumsé ekki þannig að án síma hverfi ég af yfirborði jarðar. Eftir því sem ég hugsaði meira um það komst ég að þeirri niðurstöðu að farsíminn þjónar þægindapörfum annarra en ekki mínum, að það ylli mér nákvæmlega engum óþægindum að vera síma-laus, og að eini pirringurinn mundi væntanlega stafa frá dóttur minni sem hefði mögulega ekki alveg jafngreiðan aðgang að hraðbankanum sínum (mér) og áður. Ég get nú satt að segja alveg lifað við það.

Síminn tórir raunar enn, en ég er að vinna í að kúpla mig frá honum. Ég er farin að skilja hann eftir þegar ég fer í bað, út með ruslið, rétt aðeins út með hundinn eða stússast í garðinum. Mig dreymir svo um að leggja honum endanlega. Það er nefnilega ótrúlegt frelsi og vellíðan sem felst í því að geta skotist út úr húsi án þess að líta á símann sinn í tíma og ótíma.

Annars grunar mig að þetta eigi ekki bara við um símann, heldur margar nauðsynjar í nútímasamfélagi. Hverjar þeirra létta okkur lífið og hverjar bara flækja það?

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Efni

Leiðari	2
Fréttir frá NS	3
Neytendaaðstoðin	4
Reynslusögur	5
Sekt fyrir skróp	6
Eldvarnir leiguíbúða	8
Snjallsímar - gæðakönnun	9
Hvað er Glýfosat?	12
Fjármál vanans	14
Framtíðarsjónvarpið	15
Netflix - nýtt á Íslandi	16
Verðkönnun á samlokum	18
Tilboð í tryggingar	19
Allt um ECC	20
Eftir Parísarráðstefnuna	22



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

1. tbl. 62.árg. mars 2016

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson

Ritnefnd: Hildigunnur Hafsteinsdóttir,

Jóhannes Gunnarsson.

Umsjón með gæðakönnun: Hildur Sif Thorarensen

Yfirllestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Lýðveldið

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, umhverfisvottuð prentsmiðja.

Forsíðumynd: istockphoto

Upplag: 8.300 eintök, blaðið er sent öllum félagsmönnum í Neytendasamtökunum.

Árgjald Neytendasamtakanna er 5.400 krónur og innifalið í því er m.a. Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.

Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skrifleggt leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.

Heimasíðan ns.is - aðgangur að læstum síðum:

Notendaorð: félagi

Lykilorð: simi40



Ný heimasíða Evrópsku neytendaaðstoðarinnar

ECC á Íslandi hefur opnað nýja og glæsilega heimasíðu, www.eccisland.is. Allt efni síðunnar er birt bæði á íslensku og ensku. Á síðunni er að finna fjölmargar reynslusögur neytenda sem leitað hafa til ECC-netsins, algengar spurningar og svör, ýmiss konar útgefið efni frá ECC á Íslandi og netinu í heild, auk kannana sem neytendum býðst að taka þátt í. Þá er á síðunni að finna ítarlegan fróðleik um flest það sem viðkemur ferðalögum og kaupum á netinu. Um ECC-netið er fjallað ítarlega í blaðinu á bls. 20-21 en allir sem hafa áhuga á neytendamálum eru hvattir til að kynna sér nýju heimasíðuna.

Sýklalyf af matseðlinum

Alþjóðadagur neytendaréttar er 15. mars og þetta árið beina Alþjóðasamtök neytenda (CI) sjónum sínum að sýklalyfjanotkun við kjötframleiðslu. Sýklalyfjanotkun í landbúnaði hefur aukist mikið og stuðlar meðal annars að auknu ónæmi fólks gagnvart sýklalyfjum, sem felur vissulega í sér mikla heilsufarsógn enda hætt við því að sýkingar sem í dag eru tiltölulega saklausar muni jafnvel leiða til dauða ná sýklalyf ekki að bíta á þær. Neytendasamtökin munu fjalla um þetta mikilvæga mál á heimasíðu sinni, ns.is, á alþjóðadegi neytendaréttar og félagsmenn eru sérstaklega hvattir til að fylgjast með.

Starfsmannabreytingar

Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, lét af því starfi nú um áramót eftir 17 ára farsælt starf í þágu samtakanna. Eru henni færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og óskað velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Nýr starfsmaður, Páll Rúnar Pálsson, var ráðinn í hálfla stöðu til að sinna hluta af verkefnum Þuríðar, aðallega þeim sem snúa að fjármálum og bókhaldi. Önnur verkefni hennar skiptast tímabundið milli annarra starfsmanna.

Ársskýrslur 2015




Nýlega voru ársskýrslur Neytendaaðstoðarinnar, Leigjendaaðstoðarinnar og ECC vegna ársins 2015 gefnar út og eru þær aðgengilegar á heimasíðunum ns.is og eccisland.is.

Metár hjá ECC

Evrópska neytendaaðstoðin (ECC) fékk til meðferðar 175 erindi á árinu 2015, en það er meira en nokkru sinni fyrir og 65% aukning frá fyrra ári. Ítarlega er fjallað um ECC-netið hér í blaðinu.

Mest spurt um ferðir, fjármál og fjarskipti

Neytendasamtökunum bárust alls 8.049 erindi á árinu, sem er svipað og á árinu 2014. Á tölfunni má sjá nánari skiptingu eftir flokkum, en þegar kom að þjónustukaupum var algengast að kvartanir eða fyrirspurnir neytenda sneru að ferðapjónustu, fjarskiptapjónustu eða fjármálapjónustu. Hvað varðar vörukaup voru flest erindin vegna matvæla og ýmiss konar raftækja. Mun ítarlegri tölfræði og sundurliðun er að finna í skýrslunni sjálfri.



Enn aukning í leigumálum

Leigjendaaðstoðin fékk 2.135 erindi á árinu 2015, og var þar um tæplega 6% aukningu að ræða milli ára. Mest var spurt um ástand og viðhald leigueigna og uppögn leigusamnings enda að ýmsu að hyggja í þeim efnum. Skýrsluna og ítarlegar upplýsingar um Leigjendaaðstoðina og réttindi og skyldur aðila á leigumarkaði má sjá á heimasíðunni leigjendur.is.



Má skipta og skila?

Neytendasamtökunum berast reglulega fyrirspurnir vegna skila eða skipta á ónotuðum en ógölluðum vörum. Þegar útsölur fara af stað eftir jólin fjölgar svo erindum vegna þessa verulega. Rétt er að áréttta að það er ekki lögbundinn skilaréttur á ógölluðum vörum og seljendum er því frjálst að setja sínar eigin reglur.

Iðnaðarráðuneytið gaf út reglur um skilarétt árið 2000, en þær eru einungis leiðbeinandi verklagsreglur og það er því ákvörðun seljanda hvort hann nýtir sér þessar reglur eða setur aðrar reglur um skil á ógölluðum vörum.

Aðalatriði þessara verklagsreglna eru:

Neytandi á að minnsta kosti 14 daga skilarétt.

Vörur sem merktar eru með gjafamerki gera kassakvittun óþarfa við skil.

Inneignarnótur skulu miðast við upprunalegt verð vöru.

Gjafabréf gilda í fjögur ár frá útgáfudegi og inneignarnótur í allt að 4 ár.

Skilaréttur tekur ekki til útsöluvara nema um annað hafi verið samið.

Samkvæmt verklagsreglunum gildir skilaréttur almennt ekki um vöru sem keypt er á útsölu nema um annað sé samið. Ef vara er keypt skömmu áður en útsala hefst, eða innan við 14 dögum fyrir upphaf útsölnnar, á að miða við verð vörunnar á útsölnni en ekki upphaflegt verð nema seljandi samþykki. Þó er rétt að hafa í huga að kaupandinn á alltaf rétt á inneignarnótu sem miðar við upprunalegt verð vörunnar. Í sumum tilvikum getur verið heppilegra að þiggja inneignarnótuna og koma aftur í verslunina þegar útsölnni er lokið. Inneignarnótu sem gefin er út innan 14 daga fyrir útsölu eða meðan útsala stendur yfir er ekki heimilt að nota á útsölu nema með samþykki seljanda.

Skilaréttarreglur verslana eru afar mismunandi; sumar búiðir endurgreiða vörur í allt að 30 daga frá kaupum gegn framvísun kassakvittunar, aðrir seljendur heimila notkun á inneignarnótum á útsölu og enn aðrir notast við framangreindar verklagsreglur.

Það er sjálfsgöð þjónusta verslunar við viðskiptavinum sína að hafa reglur um skilarétt á sýnilegum stað þar sem neytandinn getur auðveldlega kynnt sér þær og jafnframt hvetjum við neytendur til að kynna sér reglur um skilarétt áður en kaup fara fram, sérstaklega ef um gjafir er að ræða. Þannig er hægt að komast hjá óþarfa leiðindum og misskilningi.

Rugl við reikningsgerð

Félagsmaður keypti þjónustu af flutningsfyrirtæki og óskaði eftir að fá sendan reikning. Samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins var uppsett verð þjónustunnar 35.000 krónur en reikningurinn hljóðaði upp á tæpar 90.000 krónur. Þegar Neytendaaðstoðin hafði samband við flutningsfyrirtækið var augljóst að eitthvað hafði ruglast í bókhaldi fyrirtækisins því upplýsingar um þennan tiltekna flutning pössuðu ekki við reikninginn. Þá kom í ljós að vegna tækni-legra örðugleika hafði bókhald félagsins ruglast að einhverju leyti og fór fyrirtækið því fram á að neytandinn sýndi fram á hversu lengi flutningarnir hefðu staðið yfir á umræddum degi. Neytendaaðstoðin benti á að fyrirtækið gæti ekki gert slíka kröfu, enda neytandinn ekki með neitt í höndunum, og væri það hlutverk fyrirtækisins að sýna fram á umfang viðskiptanna. Þar sem fyrirtækið gat það ekki var neytandinn tekinn trúanlegur þegar kom að uppsettu verði og greiddi hann því 35.000 krónur fyrir þjónustuna, eins og um hafði verið samið.



Hrósið

- Ánægður félagismaður sendi okkur eftirfarandi sögu

Ég var á ferð í Washington DC fyrir nokkru og keypti þar Bose Soundlink hátalara í Apple-búð. Þegar ég kom heim til Íslands sá ég að rafhlaðan var ónýtt og græjan því ónothæf. Ég var með kvittun frá Apple-búðinni í tölvupósti hjá mér og sendi hana til baka á búðina og útskýrði vandamálið. Þeir svöruðu samdægurs og bentu mér á að hafa samband við Bose og gáfu mér upp netfangið þar. Ég sendi sama póst á Bose og fékk álíka skjót viðbrögð en Bose bað mig um frekari upplýsingar. Síðan liðu nokkrir dagar og þá fékk ég póst frá Nýherja á Íslandi um að skilaboð hafi komið frá Bose um að ég væri með bilað tæki frá þeim. Nýherji bað mig vinsamlegast um að koma með tækið á verkstæðið í Reykjavík sem ég og gerði og eftir nokkra daga fékk ég tilkynningu um að tækið væri klárt. Allt virkar og virkilega góð og lípur þjónusta hjá öllum aðilum á öllum stigum málsins. Ég mun örugglega eiga frekari viðskipti við Nýherja og Bose í framtíðinni.



Frá Leigjendaaðstoðinni:



Tryggingarféð endurgreitt

Að leigutíma loknum vildi leigusali ekki skila nema litlum hluta af því tryggingarfé sem hann hafði varðveitt yfir leigutímann, á þeim forsendum að skemmdir væru af völdum leigutaka á íbúðinni. Leigjandi neitaði að hafa valdið þessum skemmdum og fór fram á að leigusali sannaði að þeir hlutir sem hann taldi ónýta, eins og hurð á baðherbergi og skápur í hjónaherbergi, hefðu verið í lagi við upphaf leigutíma. Í ljós kom að engin úttekt hafði farið fram á húsnæðinu í upphafi og að auki gat leigjandi sýnt fram á ljósmyndir sem hann tók á sama degi og hann tók við íbúðinni og sýndu að þessir hlutir voru sannanlega ekki í lagi. Af þeim sökum féll leigusali frá því að halda tryggingarfénu og skilaði því til leigjanda.



Mygla sönnuð

Þegar leigjandi hafði sjálfur framkvæmt myglupróf í leiguíbúð með einnota prófi, sem staðfesti að myglusveppur væri í húsnæðinu, leitaði hann til Leigjendaaðstoðarinnar og vildi rifta samningnum. Honum var gerð grein fyrir því að til þess að rifta samningnum þyrfti að leita staðfestingar heilbrigðisfyrivalda á því að myglusveppurinn væri heilsuspillandi eða að íbúðin væri óíbúðarhæf. Í kjölfarið var heilbrigðiseftirlitið fengið til þess að gera rannsókn og í ljós kom að myglusveppurinn var að mati eftirlitsins til þess fallinn að vera heilsuspillandi. Í kjölfarið rifti leigjandi samningnum og flutti út úr húsnæðinu. Leigusali var ekki mótfallinn því, enda vildi hann geta framkvæmt viðhald og úrbætur á eigninni til þess að koma í veg fyrir frekara tjón.

Hver er uppsagnarfresturinn?

Leigjandi, sem hafði leigt húsnæði lengur en í fimm ár, leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar þegar leigusaliinn hugðist segja upp samningnum með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt lögum er uppsagnarfrestur við slíkar aðstæður tólf mánuðir þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða og gerði leigjandi leigusala grein fyrir því. Leigusali svaraði með því að húsnæðið væri í raun atvinnuhúsnæði og því gildi sá uppsagnarfrestur sem kæmi fram í samningi þeirra en þar var hann tiltekinn þrjú mánuðir. Leigjendaaðstoðin gerði leigusala þá grein fyrir því að þar sem leigjandi hafði búið í húsnæðinu og það var þannig úr garði gert að hann gat haft venjulega heimilisaðstöðu þar þá teldist það íbúðarhúsnæði í skilningi húsaleigulaga. Í kjölfarið samþykkti leigusali að fresturinn væri tólf mánuðir og dró uppsögnina til baka. Umrætt húsnæði var raunar skráð sem íbúðarhúsnæði en lítill hluti þess hafði verið notaður undir atvinnustarfsemi áður fyrr.

Er tími peningar?

Frá unga aldri erum við vonandi flest alin upp í því að tími annarra sé dýrmætur og að hann beri að virða. Í þessu felst að við mætum tímanlega á fundi og stefnumót og látum vita ef okkur seinkar eða við forföllumst. Þessar einföldu reglur eiga svo að gilda jafnt um þjónustuveitendur; rétt eins og það er dónalegt af okkur að mæta of seint ætlumst við líka til að nuddarinn, hárgreiðslumeistarinn, snyrtifræðingurinn eða endurskoðandinn sé reiðubúinn að taka á móti okkur á tilsettum tíma.

En hvað ef við við mætum ekki á tilsettum tíma? Hvað ef hárgreiðslukonan stendur klár með skærin í hendinni, hvað ef hótélherbergið er hreint og uppabúið, hvað ef borðið er dekkjað og þjónarnir í startholunum, hvað ef lækniurinn situr bara inni á stofu og horfir út í loftið? Hvað ef allt er klárt fyrir komu okkar en okkur sjálf er hvergi að finna?

Hver borgar?

Þegar t.a.m. hótélherbergi er pantað er algengt að í skilmálum komi fram hvert afbókunargjaldið er. Afar mikilvægt er að lesa vel skilmála viðkomandi hótels, en það er t.d. mjög mismunandi hvað hótél innheimta í

Þjófnef

Að mæta ekki þegar maður á pantað borð er sérstaklega tillitslaust í þeim tilfellum þar sem þjónustufólk reiðir sig í einhverjum mæli á þjófnef til framfærslu. Afar misjafnt er eftir löndum hvort gert er ráð fyrir að gestir veitingahúsa greiði þjófnef. Á Norðurlöndunum tíðkast það almennt ekki, nema í þeim tilgangi að verðlauna sérlega góða þjónustu, og t.a.m. í Osló hefur stéttarfélag starfsmanna á veitingahúsum og hótélum sagst vera á móti þjófnef, þar sem það geri kjarabaráttu erfiðari, auk þess sem lífeyrir reiknist ekki af þjófnef. Þá má í raun segja að þjófnef sé hluti af svörtu hagkerfi og erfiðlega hefur gengið að fá starfsfólk, t.a.m. í Bandaríkjunum, þar sem lítið er á þjófnef sem hluta launa, til að telja það fram til skatts. Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna fær starfsfólk á veitingahúsum aðeins lögbundin lágmarkslaun og þjófnef er þá mjög mikilvægt. Þá er ljóst að ef gestirnir mæta ekki greiða þeir heldur ekki þjófnef og þá ber starfsfólkið lítið úr bótum.

Hvar viltu borða?

Víða erlendis kvarta veitingamenn yfir því að þá daga sem veitingahús eru almennt uppbókuð, eins og á mæðradag eða Valentínusardag, stundi ákveðinn hópur það að panta borð á nokkrum vinsælum veitingastöðum og ákveði svo á síðustu stundu hvar skuli borða.

afbókunargjald. Í mörgum tilvikum er hægt að afbóka án kostnaðar þar til rétt fyrir áætlaðan dvalartíma, en í öðrum tilvikum þarf að greiða hluta kostnaðar eða jafnvel heildarverð gistingarinnar mæti gestir ekki á staðinn.

Má rukka þá sem mæta ekki?

Neytendasamtökin fá reglulega fyrirspurnir frá neytendum sem fá reikninga frá snyrtistofum, nuddstofum, læknum og ýmiss konar sérfræðingum vegna þess að þeir mættu ekki í pantaðan tíma. Í sjálfu sér er eðlilegt



Hvað ef við við mætum ekki á tilsettum tíma?

að neytendur sem ekki mæta í slíka tíma bæti viðsejndum sínum tap vegna þess. Hins vegar er í fyrsta lagi grundvallaratriði að látið sé vita af því strax við tímapöntun eða það tekið skýrt fram í aðgengilegum skilmálum að innheimt sé gjald vegna tíma sem ekki er mætt í og í öðru lagi ætti gjaldið að vera sanngjarnt, en í mörgum tilvikum er það ekki þannig að töpuð velta sé sama og tapaður hagnaður. Mæti neytandi t.a.m. ekki í nudd eða fótsnyrtingu má ætla að ákveðinn sparnaður verði líka hjá seljandanum, t.a.m. vegna ýmiss efniskostnaðar og þvottar á t.d. handklæðum eða teppum. Í slíkum tilvikum væri varla eðlilegt að innheimta fullt verð.

Fínni veitingahús, og kannski sér í lagi þau sem ekki eru í alfaraleið, reikna ekki með mörgum gestum inn af götunni; þeir sem koma eiga einfaldlega pantað borð. Á slíkum veitingastöðum er skipulagt í samræmi við fjölda pantana; því fleiri pantanir því fleira starfsfólk og meira hráefni er til taks. Það gefur auga leið að það leiðir til töluverðs tjóns á slíkum veitingastöðum mæti þeir ekki sem eiga pantað borð. Þannig tala veitingamenn um að einungis mjög lítill hluti gestanna þurfi að „skrópa“ svo hagnaðurinn það kvöldið sé farinn fyrir bí. Á endanum má svo gera ráð fyrir að það bitni á þeim sem mæta, þar sem ákveðið tap vegna „skrópara“ sé einfaldlega tekið með í reikninginn við verðlagningu. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að á ódýrari veitingahúsum sem staðsett eru miðsvæðis sé auðveldara að manna borð sem eru tóm vegna þess að fólk lætur ekki sjá sig. Í slíkum tilvikum getur verið erfiðara að réttlæta gjaldtöku enda tapið ekki jafnaugljóst.

Þá er lífið einfaldlega þannig að stundum fara áætlanir út um þúfur og nauðsynlegt getur verið að afboða ýmiss konar tímabókanir. Í þeim tilvikum ættu seljendur þjónustunnar að veita neytendum ákveðið svigrúm, enda oft mögulegt að bjóða öðrum nuddtímann eða snyrtinguna. Því ætti gjalddtaka aðeins að koma til álita þegar afpantað er á allra síðustu stundu – eða alls ekki afpantað!

Neytendasamtökin hafa þó ekki haft spurnir af því að veitingahús hér á landi innheimti sérstakt gjald af þeim sem panta borð en láta svo ekki sjá sig og samkvæmt upplýsingum frá MATVÍS virðist það ekki tíðkast.

Bókunarsíður eins og BookaTable, sem er bresk, hin danska DinnerBooking og OpenTable virka á svipaðan hátt og hótélbókunarsíður og geta vissulega auðveldað fólk að finna veitingastað við hæfi. Hins vegar er líka eitthvað um það að gefa þurfi upp kreditkortanúmer við borðapöntun á slíkum síðum, enda áskilja sumir veitingastaðir sér slíka tryggingu. Á OpenTable láta sum veitingahús væntanlega gesti jafnframt skrifa undir samning þess efnis að það megi skuldfæra kreditkort þeirra láti þeir ekki sjá sig.

Preytt á mannlásum borðum

Sum veitingahús í Kaupmannahöfn hafa tekið upp á því að innheimta gjald af fólkum sem mætir ekki í matinn, en gjaldið getur numið frá 250 til 450 DKK á mann (ca. 4.700-8.500 ISK). Við borðapöntun fær fólk þá sms eða tölvupóst þar sem þetta kemur fram. Sum veitingahús krefjast jafnvel greiðslu fyrirfram. Samkvæmt veitingafólki hefur þetta leitt til þess að tómu borðin eru nú aðeins 10% allra borða en áður gat komið fyrir að allt að tveir þriðju þeirra sem höfðu pantað borð mættu ekki.

Við hlökkum til að sjá ykkur kl. 19:00 á föstudag. Athugið að ef þeir gestir sem eiga pantað borð mæta ekki áskiljum við okkur rétt til að rukka hvern þeirra um 8.500 kr.

Einstaka veitingahús fara svo jafnvel fram á að gestir borgi stóran hluta reikningsins, en ekki aðeins afbókunargjald, fyrirfram. Slíkt yrði að meta í hverju tilviki fyrir sig, en eins og áður sagði virðist þó hæpið að neytendur borgi líka kostnað sem kann að sparast í formi aðfanga, en ekki aðeins tap veitingastaðarins vegna „skrópsins“.

Frh. bls. 8



Ekki að finna upp hjólið

Því fer svo fjarri að dönsku veitingahúsin séu frumkvöðlar hvað þetta varðar, en víða um heim er það vaxandi vandamál í veitingahúsabransanum að fólk bóki borð en láti svo ekki sjá sig. Sumir veitingamenn virðast telja að orsökina megi að hluta finna í því að í hraða nútímasamfélags vilji fólk ekki binda sig við ákveðna skipulagningu fram í tímann. Þannig vilji fólk einfaldlega það sem það vill þegar það vill og á eigin forsendum. Því tíðkast það í auknum mæli víða um heim að veitingahús innheimti gjald með einhverjum hætti láti gestir hvorki sjá sig né heyra. Upphæð gjaldsins virðist svo mjög mismunandi, eða frá kannski 3-4.000 ISK á mann og upp í tugi þúsunda.

„Veitingastaðurinn er uppbókaður fram á næsta ár. M.a.s. móðir mín getur ekki fengið borð. Við erum með þrjá starfsmenn bara í því að sjá um bókanir. Svo ímyndaðu þér hvernig okkur líður þegar fólk einfaldlega mætir ekki. Það er særandi og dónalegt.“

Veitingamaður í Sydney, Ástralíu.

Sjálfsagt að afpanta

Af þessu má sjá að það er ekki aðeins sjálfsögð kurteisi að afpanta borð á veitingastað, rétt eins og hótélherbergi eða tíma hjá lækni, heldur getur það einnig komið sér illa fjárhagslega að gera það ekki. Þó er að ýmsu að huga þegar skoðað er hvort fyrirtæki er heimilt að innheimta „skrópgjald“ af viðskiptavinum og eins hver upphæð þess skuli vera. Þeim neytendum sem telja á sér brotið hvað þetta varðar er því eindregið bent á að hafa samband við Neytendasamtökin, en sé innheimta hæpin er sjálfsagt að mótmæla henni og eins er í einhverjum tilvikum hægt að hafna kortafærslu en um það úrræði var ítarlega fjallað í síðasta Neytendablaði.



Aukum eldvarnir í leiguhúsnæði

Rannsóknir sem Capacent hefur gert fyrir Eldvarnabandalagið og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sýna að eldvarnir eru mun lakari í leiguhúsnæði en hjá þeim sem búa í eigin húsnæði. Þeir síðarnefndu eru mun líklegri til að hafa tilskilinn fjölda reykskynjara, slökkvitæki og annan eldvarnabúnað og tryggja þannig öryggi sitt ef til eldsvoða kemur.

Staðalbúnaður á heimili

Að mati Eldvarnabandalagsins á eftirfarandi að vera staðalbúnaður á hverju heimili:

- Virkir reykskynjarar, tveir eða fleiri.
- Slökkvitæki við helstu flóttaleið.
- Eldvarnateppi á vísu stað í eldhúsi.

Best er að hafa reykskynjara í öllum rýmum. Þá á að minnsta kosti að setja upp framan við eða í hverri svefnálmú. Reykskynjara þarf að prófa reglulega og skipta þarf um rafhlöðu í þeim árlega. Endurnýja þarf reykskynjara á um tíu ára fresti. Margir hafa bjargað miklum verðmætum með því að slökkva eld með slökkvitæki og eldvarnateppi. Mikilvægt er þó að enginn setji sig í hættu við það. Fyrstu viðbrögð við eldsvoða eru alltaf að koma öllum heilum út og gera slökkviliði viðvart í gegnum neyðarnúmerið, 112.

Förum varlega

Auk þess að hafa réttan eldvarnabúnað er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir hinni margvíslegu eldhættu á heimilinu og högum okkur í samræmi við það. Förum skynsamlega með opinn eld eins og kertaljós en opinn eldur er algengasta orsök eldsvoða þar sem banaslys hafa orðið. Óaðgætni við matseld er mjög algeng orsök elds á heimilum. Slíkar upptakur er auðvelt að fyrirbyggja einfaldlega með því að fara varlega. Hvers kyns rafmagnstæki eru líka algeng eldsorsök. Bitur reynsla margra sýnir að ekki er skynsamlegt að hafa þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar í gangi ef enginn er heima til að bregðast við ef eldur kemur upp. Spjaldtölvur og tæki sem algeng eru í svefnherbergjum á ekki að hafa í sambandi nema í öruggu, tregbrennanlegu umhverfi. Til dæmis alls ekki uppi í rúmi eins og dæmi eru um að gert hafi verið með afar slæmum afleiðingum. Eldsvoði á heimili er skelfileg lífsreynsla sem enginn vill upplifa. Ég hvet lesendur Neytendablaðsins til að kynna sér handbók um eldvarnir heimilisins sem finna má í tenglasafni leigjendaaðstoðarinnar á leigjendur.is.

Garðar H. Guðjónsson,
verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins



Eldvarnabandalagið er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir á heimilum og vinnustöðum. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.



Gæðakönnun á snjallsímum

Neytendasamtökin könnuðu framboð á snjallsímum í 15 verslunum í lok janúarmánaðar og var verð kannað á heimasíðum seljenda. Alls voru 99 mismunandi símar á markaði. Af þessum 99 tegundum voru 80 kannaðar í gæðakönnun ICRT (International Consumer Research and Testing). Aldrei áður hefur gæðakönnun frá ICRT hentað íslenska markaðnum jafnvel.

Mikill verðmunur

Auk þeirra upplýsinga sem fram koma hér í blaðinu er markaðskönnun birt á læstum síðum á vef Neytendasamtakanna (ns.is) en lykilorð er að finna á bls. 2. Margir símanna, eða 52, eru seldir í fleiri en einni verslun og getur verðmunur verið verulegur. Er þeim sem eru í símahugleiðingum því eindregið ráðlagt að kynna sér markaðskönnunina.

Samsung og Apple á toppnum

Það vekur athygli að af þeim tíu símum sem fá hæstu heildareinkunn nú eru sjö Samsungsímur og þrjár Apple iPhonesímur. Síðast þegar birt var gæðakönnun á snjallsímum, í september 2014, voru í tíu efstu sætunum fimm Samsungsímur og tveir Apple iPhonesímur. Ef borin eru saman mismunandi módel af símum kemur í ljós að eldri gerðir Samsungsímur fá hærra heildareinkunn en nýrri gerðirnar.

Hröð tækniþróun

Gífurleg tækniþróun hefur orðið í farsímum á síðustu árum og eru snjallsímur nú líklegast orðnir allsráðandi á farsímamarkaðnum. Með tilkomu snjallsíma hefur notkun farsíma einnig gjörbreyst, enda margir spennandi möguleikar í boði með nýrri tækni. Fjöldamörg smáforrit, betur þekkt sem öpp, eru í boði fyrir snjallsíma og hafa fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar keppt við að búa til öpp fyrir snjallsímanotendur. Með þessum öppum er m.a. hægt að fara í netbankann, vera í sambandi við vini og ættingja á samfélagsmiðlum, halda utan um mataræði og hreyfingu og margt fleira.

Snjallsímur í daglegu lífi

Snjallsímur eru orðnir óaðskiljanlegur hluti af daglegu lífi flestra. Þeir eru notaðir til að tengjast tölvupósti, þeir hafa að miklu leyti komið í stað myndavéla, og jafnvel er hægt að fylgjast með gæðum svefns með viðeigandi búnaði sem tengist snjallsímanum. Snjallsími getur einnig komið að góðum notum við matarinnkaup, en hægt er að færa þær vörur sem kaupa á í app áður en farið er í búðina og haka svo við þær um leið og þær lenda í körfunni. Jafnframt eru ýmis öpp í boði sem birta nánari upplýsingar um vörur ef strikamerki er skannað eða tekin mynd af vörunni sjálfri. Þá eru margir spennandi möguleikar í boði þegar kemur að því að tengja snjallsíma við ýmsa hluti, en nú er t.d. hægt að kaupa sérstakar snjalltengdar ljósaperur sem hægt er að kveikja og slökkva á með snjallsíma, ásamt því að stjórna ljósstyrknum og breyta um lit. Einnig er hægt að kaupa matarhitamæla sem tengjast við app í snjallsímanum og síminn lætur svo vita þegar maturinn er tilbúinn.

Rafhlöðuending

Gott er að hafa í huga að öpp sem eru í gangi geta dregið úr rafhlöðuendingu snjallsíma. Oftar en ekki eru öpp í gangi í þótt notandinn geri sér ekki endilega grein fyrir því. Einnig er hægt að stuðla að aukinni rafhlöðuendingu með því að minnka birtustig á skjánum, ásamt því slökkva á þráðlausa netinu, staðsetningarbúnaði og bluetooth-tengingu þegar hún er ekki í notkun.



Samsung Galaxy Note 3 fær hæstu heildareinkunn, 4,53. Þessi sími fær góða einkunn fyrir eiginleika símtækis og þægindi í notkun, og fyrir internet og tölvupóst. Hann kostar um 95.000 kr.



Samsung Galaxy Note 4 fær góða heildareinkunn eða 4,52. Þessi sími fær góða einkunn fyrir þægindi í notkun og fyrir internet og tölvupóst. Hann kostar um 100.000 kr.



Apple iPhone 6s Plus 64 GB fær einnig 4,52 í heildareinkunn. Síminn fær háa einkunn fyrir þægindi í notkun og fyrir myndavél og videótöku. Hann kostar um 155.000 kr.

Hvað var athugað?

Eiginleikar símtækis 18%

Líftími rafhlöðunnar var skoðaður með því að prófa eyðslu á meðan talað var í símann, horft á myndband, halað niður, á meðan staðsetningarbúnaður (GPS) var notaður með neti og einnig þegar síminn var ekki í notkun. Þá var athugað hversu vel rafhlaðan hleðst og hve langan tíma tók að hlaða hana. Ásamt rafhlöðunni voru tengimöguleikar símans athugaðir. Að lokum voru örgjörvinn og vinnsluminnið prófuð og þá sérstaklega í tengslum við vinnsluhraða.

Þægindi í notkun 17%

Hér var athugað hversu þægilegt er að nota símann og halda á honum. Einnig skipti skjárin miklu máli; hversu vel sást á hann og hversu auðvelt var að styðja á takkana. Höggþol síma og skjás var einnig rannsakað. Reynt var að rispa skjáinn og símann sjálfan með penna, blýanti, skrifum, nöglum og lykklum, í þeim tilgangi að athuga hversu vel síminn og skjárin þola hnjask. Síminn var settur í tæki sem átti að líkja eftir því að hann dytti í gólfíð.

Hringingar og SMS 15%

Hér var athugað hversu auðvelt var að hringja og þá sérstaklega hversu þægilegt væri fyrir notandann að slá inn númer eða finna númer þess sem hann ætlaði að hringja í. Einnig var kannað hversu vel heyrðist í viðmælandanum. Hvað SMS varðar var athugað hversu þægilegt er að skrifa skilaboð, lesa þau, geyma og eyða þeim.

Myndavél og myndbönd 20%

Könnun á myndavélinni og eiginleikum hennar hvað varðar myndatöku og myndbandsupptöku. Gæði myndavélarinnar voru könnuð samkvæmt sérstökum staðli. Hljóð- og myndgæði myndbanda voru einnig prófuð sérstaklega. Einnig var athugað hversu þægilegt er að færa myndir og myndaskrár yfir á tölvu eða önnur tæki og hvort notast þurfi við sérstök forrit við flutninginn.

Tónlist 10%

Prófað var hversu gott væri að spila tónlist með símanum í gegnum heyrnartól. Þá skipti máli hvaða snið tónlistarskráa síminn studdi og hver gæði tónlistarinnar voru við afspilun. Einnig var athugað hversu auðvelt væri að koma tónlist inn á símann og hvaða möguleikar væru til staðar hvað það varðar.

Internet og tölvupóstur 15%

Hér var lögð áhersla á að prófa notkun vafra, hversu þægilegt er að tengjast netinu og hversu hraðvirkt það er. Notkun tölvupósts og möguleikar hans voru einnig prófaðir.

Staðsetningarbúnaður 5%

Staðsetningarbúnaður með GPS var prófaður með því að láta reyna á virkni fyrir gangandi vegfarendur, við keyrslu og þegar notast er við almenningsgöngur. Einnig er lögð áhersla á hversu auðvelt síminn á með að finna staði og hversu vel hann vísar á þá. Kannað var hvort rödd fylgi með GPS-búnaði símans og hversu vel gekk að notast við hana.

Allar prófanir voru framkvæmdar við sömu aðstæður. Gætt var sérstaklega að því að hiti og raki væri sá sami í því rými þar sem prófanir fóru fram. Hiti var á bilinu 20 - 25°C og loftraki 45 - 60%. Notuð voru sömu tæki við prófanir á öllum símunum og framkvæmdi sami einstaklingurinn prófanirnar.

Vörumerki / vörunúmer	Verð*	Heildar- einkunn 100%	Eiginleikar samtæktis 18%	Þægindi i notkun 17%	Hringingar og SMS 15%	Myndavél og video 20%	Tónlist 10%	Internet og tölvupóstur 15%	Staðsetningar- hugbúnaður 5%
Samsung Galaxy Note 3	94.995	4,53	4,7	4,8	4,2	4,1	4,8	5,1	3,8
Samsung Galaxy Note 4	99.990	4,52	4,5	4,8	4,2	4,1	4,7	5,1	3,9
Apple iPhone 6s Plus 64GB	154.895	4,52	4,1	4,8	4,2	4,5	4,8	5,0	4,0
Apple iPhone 6s 64GB	129.990	4,49	4,0	4,8	4,6	4,4	4,8	4,9	3,8
Samsung Galaxy S6 Edge 128GB	139.995	4,49	4,3	4,7	4,6	4,0	4,7	5,0	4,1
Samsung Galaxy S6 Edge 64GB	109.900	4,49	4,3	4,7	4,6	4,0	4,7	5,0	4,1
Samsung Galaxy S6 128GB	124.990	4,48	4,3	4,7	4,5	4,0	4,7	5,0	4,1
Samsung Galaxy S6 64GB	114.990	4,48	4,3	4,7	4,5	4,0	4,7	5,0	4,1
Apple iPhone 6s Plus 16GB	134.895	4,47	3,9	4,8	4,2	4,4	4,8	5,0	3,9
Samsung Galaxy S6 32GB	93.990	4,47	4,2	4,7	4,5	4,0	4,7	5,0	4,1
LG G4 32GB 815LE	79.995	4,47	4,2	4,6	4,5	4,2	4,7	5,0	4,0
Samsung Galaxy S6 Edge 32GB	99.900	4,47	4,2	4,7	4,6	4,0	4,7	5,0	4,1
Apple iPhone 6 64GB/128GB	109.990 / 119.990	4,47	4,1	4,7	4,6	4,2	4,8	4,9	3,8
Apple iPhone 6 Plus 64GB/128GB	124.990 / 134.990	4,45	4,2	4,8	4,1	4,2	4,8	5,0	3,9
Apple iPhone 6s 16 gb	124.990	4,44	3,8	4,8	4,6	4,3	4,8	4,9	3,7
Apple iPhone 6 16GB	89.995	4,43	3,9	4,7	4,6	4,2	4,8	4,9	3,8
Apple iPhone 5 16gb	69.900	4,42	3,3	4,9	4,5	4,8	4,8	4,7	3,4
Samsung Galaxy S6 Edge+ 32GB	109.895	4,42	4,3	4,7	4,4	4,0	4,7	5,0	3,8
Apple iPhone 6 Plus 16GB	119.990	4,42	4,0	4,8	4,1	4,2	4,8	5,0	3,9
Sony Xperia Z5	99.990	4,37	3,9	4,7	4,7	3,9	4,4	5,0	4,0
Apple iPhone 5s 16gb	69.990	4,36	3,6	4,6	4,8	4,3	4,8	4,6	3,5
Sony Xperia Z5 Compact	79.990	4,36	4,0	4,6	4,6	4,0	4,4	4,8	4,1
Apple iPhone 5 32gb	79.900	4,33	3,4	4,6	4,5	4,5	4,8	4,6	3,4
LG G3 16GB	49.990	4,33	4,1	4,5	4,4	3,7	4,7	5,0	3,8
Sony Xperia Z2 D6503	86.900	4,32	4,2	4,4	4,2	3,8	4,7	5,1	3,9
Sony Xperia Z3	99.990	4,27	3,9	4,6	4,4	3,6	4,4	5,1	4,1
Sony Xperia Z3 Compact D5803	89.900	4,26	4,0	4,6	4,6	3,5	4,6	4,8	3,8
LG G Flex 2 H955	49.995	4,24	4,0	4,4	4,5	3,5	4,7	5,0	3,2
HTC ONE M9	89.900	4,20	3,8	4,5	4,6	3,3	4,5	4,8	4,2
Samsung Galaxy S4 Mini	29.990	4,19	4,2	4,3	4,6	3,3	4,7	4,7	3,4
Microsoft Lumia 950 XL	124.900	4,17	3,7	4,2	4,0	4,2	4,3	4,9	3,9
Motorola Nexus 6 64GB	108.995	4,13	4,5	4,7	3,8	3,4	3,4	4,7	4,4
Samsung Galaxy A5	53.900	4,12	4,1	4,4	4,5	3,0	4,7	4,9	3,3
Motorola Nexus 6 32GB	89.990	4,12	4,4	4,7	3,8	3,4	3,4	4,7	4,4
Sony Xperia Z3+	119.990	4,10	4,0	4,4	4,4	3,5	3,5	4,9	4,0
Sony Xperia Z Ultra C6833	69.900	4,09	4,3	4,3	3,9	3,0	4,8	5,0	3,2
Samsung Galaxy S5 Neo	59.990	4,09	4,4	4,5	4,4	2,7	4,7	4,8	3,9
BlackBerry Passport	74.990	4,09	4,4	4,7	3,8	3,0	4,7	4,7	3,1
BlackBerry Z10	64.990	4,07	3,7	4,6	4,5	3,3	4,4	4,7	2,7
Sony Xperia Z1 Compact D5503	78.900	4,04	4,1	4,4	4,6	2,8	4,5	4,8	3,3
LG Nexus 5X 16GB	79.995	4,04	3,7	4,6	4,3	3,3	4,4	4,7	3,4
Sony Xperia Z C6603	69.065	4,04	3,6	4,5	4,4	3,1	4,6	4,7	3,5
Nokia Lumia 925	69.060	4,04	3,5	4,5	3,9	3,5	4,6	4,5	4,3
Microsoft Lumia 950	109.900	4,03	3,7	4,3	4,1	3,8	3,5	4,6	3,9
Nokia Lumia 735	48.995	4,02	4,0	4,2	4,2	3,1	4,6	4,5	4,0
Nokia Lumia 830	62.900	4,02	4,0	4,2	4,2	3,1	4,6	4,5	4,0
Alcatel Idol 3 ALCIDOL355	59.995	4,01	3,9	4,4	4,1	2,9	4,3	5,0	3,5
BlackBerry Q10	68.990	3,98	4,1	4,2	4,5	3,2	4,6	4,2	2,6
Sony Xperia C4	59.900	3,98	3,4	4,5	4,4	3,0	4,4	5,0	3,4
Samsung Galaxy A3	29.990	3,98	4,3	4,3	4,6	2,6	4,7	4,8	3,0
Nokia Lumia 930	96.995	3,96	3,9	4,5	4,0	3,2	3,3	4,6	4,3
LG G4c	29.990	3,95	3,9	4,3	4,4	2,9	4,3	4,8	3,1
HTC 8X	36.900	3,88	3,5	4,5	3,8	3,2	4,7	4,5	3,0
Sony Xperia M4 Aqua	29.990	3,85	3,6	4,3	4,6	2,7	4,4	4,8	2,9
Sony Xperia C5 Ultra Dual	79.900	3,76	3,7	4,2	3,9	2,8	3,5	5,2	3,4
Samsung Galaxy J5	29.990	3,73	4,0	4,1	4,4	2,5	4,3	4,6	2,6
HTC DESIRE 610	39.990	3,73	3,6	4,0	4,5	2,5	4,5	4,8	2,8
Microsoft Lumia 640 DUAL	36.995	3,72	3,7	4,1	4,0	2,8	3,2	4,8	3,8
Microsoft Lumia 640XL	49.990	3,71	3,6	4,1	4,0	2,8	3,2	4,8	3,8
Vodafone Smart Prime 6	29.990	3,68	3,7	4,1	4,4	2,6	3,6	4,7	2,8
Motorola Moto X	63.995	3,65	3,2	4,6	4,3	2,4	3,5	4,8	3,8
LG Spirit	24.990	3,63	3,6	4,2	4,5	2,4	4,3	4,6	3,0
LG Leon	19.990	3,55	3,6	3,9	4,5	2,2	4,2	4,6	3,0
Motorola Moto G	38.995	3,54	3,6	4,3	4,3	2,2	3,4	4,6	3,5
Samsung Galaxy Xcover 3	38.900	3,52	3,8	4,0	4,3	2,1	4,2	4,6	3,0
Nokia Lumia 1320	49.900	3,51	4,0	4,4	3,5	2,1	4,1	4,7	3,6
HTC DESIRE 510	26.990	3,42	3,5	3,8	4,5	2,1	4,1	4,6	2,7
Microsoft Lumia 640	33.995	3,39	3,6	3,9	4,2	2,2	3,2	4,5	3,6
Sony Xperia E4G	24.990	3,39	3,3	4,0	4,5	2,0	4,4	4,6	2,5
Sony Xperia E4	19.990	3,33	3,5	3,8	4,4	1,9	4,4	4,6	2,3
Nokia Lumia 635	24.900	3,31	3,1	3,9	3,9	2,1	3,9	4,5	3,8
Nokia Lumia 630	22.900	3,30	3,1	3,9	3,9	2,1	3,9	4,4	3,8
Samsung Galaxy J1	16.990	3,28	3,0	3,7	4,4	2,5	3,2	4,2	2,3
Samsung Galaxy J1 Dual	29.995	3,28	3,0	3,7	4,4	2,5	3,2	4,2	2,3
Motorola Moto E MOTOE2NDWHI	22.795	3,26	3,9	4,1	4,1	1,8	3,4	4,5	2,5
Sony Xperia E3	29.490	3,18	2,8	4,1	4,4	1,6	4,3	4,7	3,1
Huawei Y550	19.490	3,15	3,1	3,3	4,4	2,0	4,1	4,2	2,8
Motorola Moto E XT1021WH	16.900	3,12	3,4	4,0	4,1	1,6	3,4	4,6	2,7

© ICRT og Neytendasamtökin 2016. Gefnar eru einkunnir á kvarðanum 0,5-5,5 þar sem 0,5 er lakast og 5,5 er best.

*Lægsta verð sem fannst á markaði í lok janúar 2016. Á læstum síðum á ns.is er markaðskönnun þar sem fram kemur verð á öllum sínum á markaðnum.

Plöntueitrið glýfosat í brennidepli

Illgresiseyðirinn glýfosat, betur þekktur sem Roundup, hefur verið í kastljósinu að undanförmu. Neytendablaðið tók saman helstu staðreyndir og hvert stefnir.

Mest notaða plöntueitrið

Hér á landi hefur glýfosat aðallega verið notað af Landgræðslunni til að sporna við útbreiðslu alaskalúpínu og af Vegagerðinni til að eitra í vegaköntum. Auk þess er efnið selt í garðyrkjuverslunum og notað víða bæði í almennings- og heimagörðum.

Erlendis er glýfosat notað í þeim tilgangi að eitra fyrir illgresi, meðal annars við ræktun bómullar, korns, grænmetis og ávaxta, en einnig til að drepa og þurrka ræktunarplönturnar á ökrum í lok ræktunartímabils og auðvelda þannig uppskeruna.

Slík notkun efnisins er heimiluð meðal annars í Bretlandi við ræktun hveitis, byggs, hafra, bauna, raps og fjölmargra annarra tegunda. Samkvæmt tölum frá The Soil Association hefur notkun glýfosats aukist fjórfalt þarlendis á 20 árum.

Mest er notkunin þó þar sem erfðabreytt ræktun er leyfileg, meðal annars í Bandaríkjunum, Suður-Ameríku og víða í Asíu. Efnarisinn Monsanto hefur þróað erfðabreyttar glýfosat-ónæmar ræktarplöntur á borð við soja og maís til þess að gera stórfellda notkun illgresiseyðis mögulega á ökrum án þess að drepa ræktarplönturnar. Glýfosatþolnu tegundirnar ganga undir nafninu „Roundup Ready“.

Notkun hefur fimmtánfaldast síðan 1996

Nýútgefin skýrsla, „Trends in glyphosate herbicide use in the United States and globally“, staðfestir að notkun glýfosats hefur fimmtánfaldast síðan framleiðsla glýfosatþolinna Roundup Ready plantna fyrir ræktun hófst árið 1996. Meira en 70% af heildarnotkunar glýfosats á undanförmum 40 árum hefur átt sér stað seinustu tíu árin. Árið 2014 var að meðaltali notað 1 kg af glýfosati á hvern hektara ræktarlands í Bandaríkjunum og um 0,53 kg á hektara á heimsvísu.

Þetta er þveröfugt við það sem stuðningsmenn erfðabreyttrar ræktunar héldu upphaflega fram. Ein af helstu rökunum fyrir innleiðingu erfðabreyttra plantna í landbúnaði var að slík ræktun myndi minnka þörfina fyrir plöntuvarnarefni, en raunin er allt önnur.

Hvað er glýfosat?

Breiðvirkur illgresiseyðir sem drepur flestar tegundir plantna á nokkrum dögum.

Glýfosat var þróað árið 1970 af efnaframleiðandanum Monsanto og er mest notaða plöntueitrið í heiminum.

Glýfosat er selt hérlendis undir markaðsheitunum Roundup og Clinic

Glýfosatónæmar illgresistegundir hafa þróast jafnt og þétt með notkun erfðabreyttra plantna, sem leiðir til sívaxandi notkunar eiturs. Erfðabreytt ræktun með Roundup Ready tegundum stendur nú fyrir um 56% af allri notkun glýfosats.

Skýrsluhöfundar kalla eftir nýjum rannsóknum á heilsuáhrifum glýfosats og gagnrýna stjórnvöld fyrir að bregðast þegar kemur að eftirliti með glýfosatleifum í matvælum.

Glýfosatleifar finnast víða þegar leitað er

Rannsóknir víða um heim hafa sannað að glýfosat mælist víða bæði í lífríkinu, matvælum og fólki. Af meira en 50.000 sýnum yfirborðsvatns frá 13 Evrópulöndum sem tekin voru milli 1993-2009 fundust glýfosatleifar í 29% tilfella og niðurbrotsefni glýfosats í 50% tilfella. Það vekur áhyggjur því vitað er að glýfosat er eitrað vatnalífverum og froskdýrum.

Í rannsókn á vegum umhverfisverndarsamtakanna Friends of the Earth mældust glýfosatleifar í þvagi 44%

mannanna frá 18 mismunandi Evrópulöndum. Bandarísk rannsókn leiddi í ljós að styrkur glýfosats í brjóstamjólki þarlendra kvenna var allt að 1.600 sinnum hærra en leyfilegur styrkur efnisins í drykkjarvatni samkvæmt reglum Evrópusambandsins.

Bresk rannsókn frá 2013 leiddi í ljós að meira en 60% brauðs sem selt var í verslunum þarlendis innihélt leifar af plöntuvarnarefnum, en af þeim var glýfosat algengast. Nýlega olli það svo hneykslan meðal bjórunnenda í Þýskalandi að glýfosatleifar mældust í vinsælustu bjórtegundunum þar í landi. Glýfosatleifar hafa meira að segja fundist í tíðatöppum og dömubindum.

Áhrifin enn að miklu leyti óljós

Nákvæmar upplýsingar um skaðsemi glýfosats fyrir menn liggja ekki fyrir, en efnið er talið geta haft slæm áhrif á starfsemi lifrar og nýra, og það er grunað um að geta valdið fæðingargöllum og raskað hormónastarfsemi. Rannsóknir á Sri Lanka sýndu fram á fimmfaldar líkur á krónískri nýrnabilun á svæðum þar sem grunnvatnið var glýfosatmengað.

Nýjustu rannsóknir hafa auk þess varpað ljósi á áður óþekkta skaðsemi glýfosats hvað varðar starfsemi og jafnvægi mikilvægra gerla í meltingarfærum okkar. Vísindamenn rannsaka nú hvort þessi tengsl gætu að hluta til útskýrt gríðarlega aukningu sjálfsofnæmissjúkdóma, sykursýki, offitu, taugasjúkdóma og fleiri kvilla sem hrjá fólk í nútímasamfélagi.

Fjöldamálsóknir gegn Monsanto eru nú í undirbúningi.

Krabbameinsvaldandi eða ekki?

Árið 2015 ályktaði krabbameinsrannsóknarstofa Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) að glýfosat væri líklega krabbameinsvaldandi. Í framhaldinu setti Vinnueftirlit Danmerkur glýfosat á lista yfir krabbameinsvaldandi efni.

Reyndar gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) seinna sama ár út ályktun sem stangaðist á við niðurstöður WHO. Ályktun EFSA var að ólíklegt væri að glýfosat væri krabbameinsvaldandi og jafnframt að óhætt væri að auka leyfileg mörk varðandi það hve útsett fólk má vera fyrir efninu um allt að 66%. Frjálsu félagasamtökin Corporate Europe Observatory voru þó fljót að benda á galla í rannsóknaraðferðum EFSA og gagnrýndu stofnunina fyrir að notast við leynileg gögn efnaframleiðenda í staðinn fyrir ritrýndar og gagnsæjar rannsóknir vísindamanna.

Fljótlega er von á ákvörðun frá Evrópusambandinu varðandi endurnýjun markaðsleyfis á glýfosati. 66 manna hópur þingmanna á Evrópuþinginu (MEP) hefur



skrifað undir beiðni þar sem þess er krafist að ESB veiti ekki endurnýjað leyfi fyrir notkun glýfosats meðan óvissa er um heilsuáhrif þess.

Fjöldamálsóknir gegn framleiðandanum Monsanto eru nú í undirbúningi í Bandaríkjunum þar sem því er haldið fram að fyrirtækið hafi ranglega fullyrt að glýfosat væri skaðlaust, þó að fyrirtækinu hafi í raun verið ljóst áratugum saman að efnið væri krabbameinsvaldandi.

Viða bannað

Hver sem niðurstaðan verður hafa sum lönd og borgir þegar ákveðið í varúðarskyni að banna eða takmarka notkun glýfosats. Einkanotkun glýfosats var bönnuð í Hollandi nú um áramótin og talið er að Frakkland fylgi bráðlega í kjölfarið. Svipaðar kröfur hafa heyrst í Þýskalandi. Notkun glýfosats er þegar bönnuð í gördum í Barcelona og Tarragona. Þess má geta að verslanakeðjan Coop í Danmörku hefur hætt sölu Roundups í kjölfar niðurstaðna um glýfosat í grunnvatni þar í landi.

Ríkissaksóknari Brasilíu krafðist nýlega tímabundins banns á sölu glýfosats meðan beðið er eftir frekari niðurstöðum um öryggi efnisins. Bermuda og Sri Lanka hafa alfarið bannað innflutning og notkun glýfosats. Samtök yfir 30.000 lækna og heilbrigðissérfræðinga í Argentínu hafa krafist þess að notkun glýfosats verði hætt tafarlaust.

Hvað er til ráða?

Fyrir þá sem vilja forðast glýfosat eru nokkur einföld ráð í boði. Fyrsta skrefið er að sjálfsgöðu að finna aðrar leiðir til að eyða illgresi í garðinum, en það dugur skammt þar sem stærsta uppspretta glýfosats er í matvælum. Með því að velja íslenkt grænmeti er auðvelt að minnka upptöku efnisins svo um munar. Í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að velja íslenskt er öruggast að kaupa lífrænt, þar sem notkun eitufna er bönnuð í lífrænni ræktun.

Ekki má svo gleyma að best er að velja fatnað úr lífrænt ræktaðri bómull, þar sem notkun glýfosats er mikil í hefðbundinni bómullarræktun.

Anne Maria Sparf



Fjármál vanans

Fjármál okkar eru eins og fingraför. Engin tvö okkar lifa nákvæmlega eins lífi þegar kemur að peningum. Hvert og eitt okkar hefur sínar eigin hugmyndir og viðhorf sem hafa áhrif á hvernig við notum peningana okkar. Við greiðum fyrir sömu lífsgæði eins og húsnæði, föt, mat og samgöngur en val okkar á þessum lífsgæðum er einstaklingsbundið. Húsnæði sem er nægjanlegt mér er of lítið fyrir þig og síminn sem ég kys er bruðl í þínum huga. Við treystum miklu meira á tilfinningar okkar og hugarfar í daglegum fjármálum en við almennt teljum. Þetta á ekki aðeins við þegar við erum að veða og meta hvaða föt eigi að kaupa eða hvar eigi að búa næstu árin heldur líka þegar við förum út í matvöruverslun. Við veljum þann mat og þær vörur sem okkur líður vel með. Hversdagsleg innkaup eru það vegna þess að við höfum vanist ákveðnum mat. Við eldum fiskibollurnar sem amma gerði alltaf af því þær eru ekki bara góðar heldur vekja þær líka upp minningar. Við veljum vörur byggt á öryggi og vana.

Hvað kostar mjólkinn?

Hugsaðu um þegar þú fórst síðast að kaupa matvörur fyrir vikuna. Getur þú munað hvað einn líter af mjólk kostar?

Ef þú getur ekki munað hvað einn líter af mjólk kostar þá er það líklegast vegna vana. Mjólk er ein af algengustu vörum sem keyptar eru í matvöruverslunum og vegna þess að við kaupum hana svo oft verður mjólk bara að vana. Mjólkinn fer í körfuna, við borgum og förum heim. Fjölmargar vörur verða ósýnilegar vegna þess að við kaupum þær svo oft. Við hættum að fylgjast með verðlagi á þeim vörum sem eru algengastar og í mestu upphaldi hjá okkur. Mjólk kostar ekki það sama í öllum verslunum. Ef við kaupum einn líter á dag og kaupum alltaf dýrustu mjólkina eyðum við um 20 þúsund krónum

meira á einu ári en ef við kaupum ódýrari mjólk. Þessar 20 þúsund krónur eru ósýnilegar og hverfa úr vasa fólks vegna vanans.

Ómeðvituð hegðun

Venjur okkar eru eru þægindasvæðið okkar; hegðun sem er orðin svo þekkt að hún er ómeðvituð. Við erum með öðrum orðum það örugg í ákveðinni hegðun að við hættum að hugsa um hana. Þeir sem ekið hafa bíl í mörg ár þekkjast að margt í hefðbundnum akstri er hugsanalaust. Við hugsum til dæmis ekki mikið um að skipta um gír; það er líklegt að það gerist sjálfkrafa. Einföld tilraun til að sjá ómeðvitaða hegðun er að stinga annarri hendinni í vasann og ákveða að nota hana ekki. Líklegt er að á meðan við höfum hugann við þessa tilraun takist okkur að hafa höndina kyrra í vasanum. Taktu hins vegar eftir því hvað gerist þegar þú gleymir þér eða færir athygliana að öðru.

Venjur okkar eru sterkar og ríkar og þegar við höfum vanist einhverju er ekki auðvelt að breyta um hegðun. Einfalt dæmi er reykingafólk sem er að hætta eða fólk sem byrjar í ræktinni eftir áramótin. Það finnur vel fyrir því að það er að gera annað en það er vant. Og ef það er ekki skipulagt og með hugann við nýju venjurnar sínar er hættara við að það gleymi sér og framkvæmi gamlar venjur. Fjármál okkar lúta sömu lögmálum. Ef við hugsum ekki nógu mikið um þau förum við í gamlar venjur, venjur sem eru jafnvel fjáhagslega óhagkvæmar og óskynsamlegar fyrir okkur.

Einfalt heimilisbókhald er besta leiðin til að breyta hegðun sinni í fjármálum. Heimilisbókhaldið krefst þess að við notum það reglulega og skipulega og þá eykst tíminn sem við notum til að hugsa um peningana okkar. Við fylgjumst með útgjöldum okkar og tekjum og skráum það hjá okkur í bók eða töflureikni. Margir safna kvittunum í nokkra daga og skrá svo allt niður. Með einfaldri yfirsýn sjáum við bæði slæma og góða hegðun í daglegum fjármálum okkar og getum tekið ákvörðun um að breyta því sem okkur líkar ekki. Við getum síðan notað heimilisbókhaldið til að fylgjast með hvernig okkur tekst að fylgja þessum nýju venjum eftir.

Haukur Hilmarsson, ráðgjafi í fjármálahegðun



Svona virkar sjónvarp fram tíðarinnar

Nú geta framleiðendur sjónvarpstækja tekið stórt skref inn í framtíðina. Með nýrri skjátækni, sem nefnd er OLED, er skjárinn enn þynnri og léttari en „gömlu“ flatskjáirnir. Þeir sem hafa rannsakað þessi tæki eru hrifnir en verðið hræðir.

Þessi tækni hefur raunar verið fyrir hendi í mörg ár en það er fyrst nýlega sem sjónvarpsframleiðendum hefur tekist að framleiða OLED skjái á verði sem ekki er stjarnfræðilegt. Þessi tækni hefur ýmsa kosti umfram LED tæknina sem enn er nánast allsráðandi á sjónvarpsmarkaðnum. Hver og einn pixill er sjálfstæður og hefur sinn eigin ljóskjarna sem hægt er að kveikja og slökkva á og gefur það djúpan svartan lit og svörtu hlutarnir í myndinni verða í raun alveg svartir borið saman við LED skjái þar sem þeir verða gráir. Þökk sé tækninni er einnig hægt framleiða ótrúlega sveigjanlegan skjá. Það eru nú þegar til OLED skjái sem eru þynnri en einn millimetri og hægt er að rúlla þeim upp eins og dagblaði.

Með nýrri skjátækni, sem nefnd er OLED, er skjárinn þynnri og léttari en „gömlu“ flatskjáirnir.

Í nýlegri gæðakönnun ICRT voru prófaðar tvær gerðir OLED sjónvarpa og reyndist LG 55EG960V best, en eins og er það aðeins LG sem framleiðir OLED sjónvörp. Af alls 186 tækjum sem prófuð voru fær þetta sjónvarp hæstu einkunn þegar metin eru myndgæði. Sjónvinkillinn er meiri, hreyfiskerpan er mjög mikil og endurkast er í lágmarki. Þá eru vandamál með ljósblæðingar í köntum á skjáum alveg úr sögunni með OLED tækninni.

Einkunnir fyrir eiginleika eins og upptöku-snjallsjónvarpsviðmót eru í hæsta flokki borið saman við önnur sjónvarpstæki í gæðakönnun ICRT. Orkunotkun er hins vegar nokkru meiri en sjónvarpstækja með hefðbundna LED skjái.

Skjárinn á LG OLED tækjum er mjög þunnur, en bakhluti tækisins, þar sem snúrur og kaplar eru tengdir, er 8,5 sentímetra þykkur. Þetta gerir að verkum að erfitt er að festa þessi tæki á vegg.

Síðan er það verðið. LG 55EG960V er selt í Sjónvarpsmiðstöðinni og þegar þetta er skrifað er það á tilboðsverði, 499.990 krónur, en kostaði áður litlar 749.990 krónur. En þetta gæti breyst. Fyrir tíu árum var verðið svipað á 32” LCD sjónvarpi. Miðað við tæknipróunina er full ástæða til að ætla að hægt verði að kaupa tæki með svipuðum myndgæðum og áður nefnt LG tæki fyrir mun lægri upphæð eftir nokkur ár.

Fimm staðreyndir um OLED

- OLED stendur fyrir „organic light-emitting diode“.
- Er notað í mörgum minni skjáum, s.s. í dýrari gerðum af snjallsímum.
- Fyrsta OLED sjónvarpið var 11” Sony sjónvarp sem kom á markað á árinu 2007 og kostaði u.þ.b. 300.000 krónur.
- Síðastliðið vor kynnti framleiðandinn LG 55” tæki sem var 0,97 millímetra breitt og 1,9 kg að þyngd.
- Á síðasta ári voru seld samtals 400.000 OLED sjónvörp, á árinu 2019 er gert ráð fyrir að seldar verði um 7 milljónir slíkra tækja.
- Í framtíðinni verða seld OLED tæki sem hægt verður að rúlla upp.





NETFLIX

Á síðustu árum hefur tækniþróunin verið gifurlega ör og haft töluverð áhrif á líf okkar og áhugamál. Sjónvarpsáhorf neytenda hefur einnig tekið miklum breytingum frá þeim tímum þegar engar sjónvarpsútsendingar voru í boði á fimmtudögum, eða í júlímánuði þegar starfsfólk sjónvarpsins fór í sumarfrí, og kannski sakna einhverjir þeirra tíma. Nú eru hinsvegar ótrúlega margir möguleikar í boði þegar kemur að sjónvarpsáhorfi. Til að mynda höfum við líklegast flest notfært okkur þann möguleika að horfa á sjónvarpsefni eftir að það var sýnt, með því að nýta okkur svokallað tímaflakk eða tímavél. Með þeim möguleika þurfum við ekki lengur að skipuleggja dagana með það í huga að vera búin að klára öll verkefni dagsins fyrir ákveðinn tíma þegar við viljum vera mætt upp í sófa með poppskál að horfa á uppáhaldspáttinn okkar. Við getum því sinnt okkar verkefnum án þess að vera í kappi við tímann. Jafnframt hafa sum fjarskiptafyrirtæki boðið viðskiptavinum sínum að leigja efni í gegnum myndlykla. Það er því ljóst að við erum ekki lengur jafnbundin við fyrirfram ákveðna sjónvarps-

dagskrá og við getum stjórnað því betur hvað við horfum á og hvenær við gerum það.

Nú hefur bandaríska efnisveitan Netflix opnað á Íslandi þannig að Íslendingum gefst nú kostur á að notfæra sér þjónustu fyrirtækisins, en hingað til hafa þó einhverjir náð að fá aðgang að henni í gegnum krókaleiðir. Þetta hefur vakið mikla athygli hér á landi og því eflaust margir sem vilja vita hvað felst í þjónustu Netflix og hvernig er hægt að nálgast hana.

Hvað er Netflix?

Í stuttu máli þá er Netflix efnisveita á netinu þar sem notendur geta streymt myndefni. Með því að „streyma“ (e. streaming) er átt við að horft er á efnið án þess að náð sé í afrit af því og það spilað sérstaklega. Í staðinn fyrir að þurfa að röltu niður á myndbandaleiguna á horninu í misjöfnum veðrum til að leigja mynd er hægt að leigja mikið magn af kvikmyndum og þáttum á netinu af Netflix. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 í Bandaríkjunum, en fyrstu árin seldi það DVD-myndir sem það sendi viðskiptavinum sínum í pósti. Árið 2007 byrjaði fyrirtækið að bjóða streymisþjónustu á netinu í Bandaríkjunum en nú er þjónustan í boði í yfir 190 löndum og býðst því í flestum heimshornum. Einnig hefur Netflix framleitt eigin þætti og má þar m.a. nefna hina vinsælu þætti House of Cards og heimildaðþættina Making a Murderer sem hafa vakið mikla athygli.

Hvernig virkar Netflix?

Með því að borga mánaðarlegt áskriftargjald er hægt að fá aðgang að efnisveitum Netflix og þar má finna mikið úrval af þáttum og kvikmyndum. Hægt er að nýta valmöguleika eins og að stöðva sýningu, setja á pásu og spóla fram og aftur þrátt fyrir að myndefnið sé leigt í gegnum netið. Einnig mælir Netflix með ákveðnum myndum sem hentað gætu notandanum með hliðsjón af þeim myndum eða þáttum sem viðkomandi hefur áður

NETFLIX	GRUNNÁSKRIFT	VENJULEG ÁSKRIFT	ÚRVALSÁSKRIFT
Verð	7.99 EUR	9.99 EUR	11.99 EUR
Háskerpuefni í boði (HD)	Nei	Já	Já
Ultraháskerpuefni í boði (Ultra HD)	Nei	Nei	Já
Fjöldi tækja sem hægt er að horfa á Netflix í samtímis	1	2	4
Hægt að horfa á í fartölvu, sjónvarpi og í snjalltækjum	Já	Já	Já
Ótakmarkað áhorf á kvikmyndir og þætti*	Já	Já	Já
Hægt að segja upp áskrift hvenær sem er	Já	Já	Já
Fyrsti mánuður frír	Já	Já	Já

* Áhorf krefst gagnamagns/erlends niðurhals.

leigt í gegnum efnisveituna. Hægt er að stofna nokkra notendur svo hver og einn fjölskyldumeðlimur getur haldið utan um sitt áhorf. Það getur verið hentugt þar sem hæpið er að allir á heimilinu hafi sama smekk. Viðmótið er mjög þægilegt og myndefninu er skipt upp í flokka, t.d. spennumyndir, gamanmyndir, dramamyndir, þætti, heimildarmyndir og þannig mætti lengi telja. Netflix hefur að geyma heilu þáttaraðirnar og heldur utan um hvaða þætti og myndir notandinn hefur þegar horft á, ásamt því að muna hvar hætt var að horfa ef áhorfi lauk í miðri mynd. Það er því hægðarleikur að halda áfram þar sem frá var horfið í t.d. miðri þáttaseríu. Myndefnið er alla jafna í boði með enskum texta og jafnvel stundum með íslenskum texta. Ekkert hámark er sett á hversu margar myndir eða þætti má leigja og því er hægt að horfa ótakmarkað á efni af Netflix eftir að mánaðargjaldið hefur verið greitt. Hinsvegar er mjög mikilvægt að hafa í huga að þegar horft er á efni í gegnum Netflix þá telst það vera erlent niðurhal. Mörg fjarskiptafyrirtæki bjóða takmarkað erlent niðurhal á hverjum mánuði og því getur það verið kostnaðarsamt ef farið er yfir þann kvóta. Með því að breyta stillingum á Netflix aðganginum þannig að efnið verði í lakari gæðum verður niðurhalið töluvert minna. Aðgangurinn er ekki bundinn við ákveðið tæki eða stað og því er í rauninni hægt að nota áskriftina þar sem maður er hverju sinni. Því er til að mynda hægt að skrá sig inn á tölvu í sumarbústaðnum til að fá aðgang að Netflix eða horfa á í símanum á flakki um landið ef nettenging er til staðar. Rétt er þó að ítreka aftur að þessi þjónusta getur krafist nokkurs gagnamagns og því

Streymi á Netflix

Minni gæði = 0,3 GB á klukkutíma.

Meiri gæði = 0,7GB á klukkutíma.

Mestu gæði = 3GB á klukkutíma fyrir háskerpu og allt að 7 GB á klukkutíma fyrir Ultra háskerpu.

ráðlegt fyrir þá sem hafa áhuga á þjónustunni að athuga hvort núverandi netþjónusta bjóði upp á nægjanlega rúma gagnamagnsnotkun svo hægt sé að nota þjónustuna.

Hvað kostar Netflix?

Fyrir aðgang að Netflix er greitt frá 7.99 evrum á hverjum mánuði, eða um 1.130 kr. miðað við VISA-gengi þegar þetta er skrifað, en þrjár mismunandi áskriftarleiðir eru í boði. Ekki er því um mikinn kostnað að ræða og eflaust margir sem munu íhuga þennan valkost í staðinn fyrir hefðbundnar sjónvarpsáskriftir eða leigu í gegnum myndlykil. Eins og áður segir verður þó að hafa í huga að kostnaðurinn getur orðið meiri þar sem þetta telst erlent niðurhal.

Hvernig er hægt að nálgast þjónustuna?

Netflix er efnisveita þátta og kvikmynda á netinu og því þarf að vera með nettengingu til að tengjast þjónustunni. Hægt er að nálgast þjónustuna á fartölvum, snjalltækjum og ýmsum öðrum tækjum, t.d. nota margir Apple TV en einnig er hægt að nota tæki eins og PlayStation-tölvur, Nintendo-tölvur og Xbox að því gefnu að þessi tæki geti tengst netinu, og í mörgum sjónvörpum í dag er innbyggður stuðningur fyrir Netflix (snjallsjónvörp). Til að skrá sig þarf að fara á netflix.com, eða nota Netflix appið til að byrja áskriftina. Fyrirtækið býður nú fyrsta mánuðinn án endurgjalds.

Aðrar efnisveitur

Margar aðrar efnisveitur líkar Netflix eru starfandi og má þar t.a.m. nefnda Hulu, Amazon Instant video, Vudu, Crackle og margar aðrar. Margar af þeim eru þó takmarkaðar við ákveðna heimshluta og því ekki aðgengilegar Íslendingum, nema e.t.v. eftir krókaleiðum.

Hvar á að versla í hádegini?

- Kók og samloka – allt að 95% verðmunur

Árvökull félagsmaður Neytendasamtakanna mætti nýlega á skrifstofu samtakanna til að koma á framfæri ábendingu um gífurlegan verðmun á sömu vöru milli verslana. Þannig er mál með vexti að umræddur félagsmaður starfar sem pípulagningarmaður og fær sér iðulega samloku og gosdrykk í hádegini. Eins og gefur að skilja starfar hann hins vegar víðsvegar um bæinn og fer því í þá verslun sem er næst hverju sinni.

Neytendasamtökin tóku ábendingu félagsmannsins vel og ákváðu að gera verðkönnun á samloku og kóki í dós hinn 26. febrúar sl., en algengt er að fólk grípi sér gos og samloku í hádegini. Sú samloka sem varð fyrir valinu var samloka með roastbeef og remúlaði frá Sóma. Þar sem ein verslun seldi einungis samlokur frá Júmbó var þó ákveðið að hafa hana með í samanburðinum, enda um sambærilega vöru að ræða.

Samlokun frá Sóma var ódýrust í Krónunni, en þar kostar hún 399 krónur. Hún var hins vegar dýrust í verslun 10/11 þar sem hún kostar 579 krónur, en það er 45% verðmunur. Ef samlokun frá Júmbó er skoðuð þá er hún ódýrust í Bónus þar sem hún kostar 339 krónur en dýrust í Hagkaupum þar sem hún er 100 krónum, eða 29%, dýrari. Hagkaup selur einnig samlokur frá Sóma og kostar roastbeefsamloka frá Sóma 449 krónur þar á bæ en 545 krónur hjá bensínstöðvunum OLÍS og N1.

Lítill Coca-Cola í dós, eins og félagsmaðurinn fær sér jafnan með samlokunni, er ódýrust í Bónus þar sem hún kostar 85 krónur. Krónan fylgir fast á hæla Bónuss og er með dósina einni krónu dýrari og í Hagkaupum kostar hún 125 krónur. Hjá N1 kostar dósinn 185 krónur og hjá OLÍS 225 krónur. Coca-Cola dósinn er hins vegar dýrust í verslun 10/11 þar sem hún kostar 249 krónur en það er 193% hærra verð en hjá Bónus.

Það er ljóst að gífurlegur verðmunur getur verið á þessari tvennu sem félagsmaðurinn kaupir svo oft. Ódýrust er tvennan hjá Bónus þar sem hún kostar 424 krónur en dýrust er hún hjá 10/11 þar sem hún kostar 828 krónur, en um er að ræða 95% verðmunur, eða næstum því tvöföldun. Sjálfur segist félagsmaðurinn nú ætla að hugsa sig tvisvar um hvar hann kaupir hádegismatinn, enda verðmunur greinilega umtalsverður milli verslana.

Verð á samloku og Coca-Cola*

Verslun	Verð	% munur
Bónus	**424 Kr.	-
Krónan	485 Kr.	+14%
Hagkaup	***564/574 Kr.	+33%/35%
N1	730 Kr.	+72%
OLÍS	770 Kr.	+82%
10/11	828 Kr.	+95%

*Samloka frá Júmbó fékkst aðeins í Bónus og Hagkaupum

Um er að ræða samloku frá Júmbó *Júmbó/Sómi

NEYTENDASTARF ER Í ALLRA ÞÁGU

10-11

A4

Arion banki

Atlantsolía

Banar

Bosch búðin

Borgun

Bónus

Byko

Eimskip

Ferðaskrifstofa Íslands

Flugfélag Íslands

Hagkaup

Húsasmiðjan

Iceland

Icelandair

Innnes

Ísfugl

Íslandspóstur

Kaskó

Krónan

Landsbankinn

MP Banki

MS

Myllan

Nathan & Olsen

Nettó

Olís

Ora

Orka náttúrunnar

Orkan

Ormsson

ÓB

Rúmfatalagerinn

Samkaup-Strax

Samkaup-Úrval

Samskip

Samsung setrið

Sjóvá

Skeljungur

Sláturfélag Suðurlands

Smith & Norland

Sölufélag garðyrkjumanna

Tryggingamiðstöðin

Valitor

Vátryggingafélag Íslands

Víðir

Vínbúðin

Vodafone

Vörður tryggingar

WOW air

Öryggismiðstöðin



Vátryggingar

- Það getur margborgað sig að leita tilboða

Síðasta sumar var gerð mikilvæg breyting á lögum um vátryggingarsamninga þegar heimild til þess að segja upp samningi var sett inn í lög. Áður voru samningar lausir einu sinni á ári en nú er hægt að segja samningi upp hvenær sem er á vátryggingartímabili með mánaðar fyrirvara og færa viðskipti á milli tryggingarfélaga. Þessi grundvallarbreyting leiðir til aukins hreyfanleika og ætti jafnframt að ýta undir samkeppni á vátryggingarmarkaði. Þannig geta neytendur nú leitað tilboða hvenær sem er og gert verðsamanburð. Ef annað tryggingarfélag býður betur en það félag sem neytandi er í viðskiptum við er lítill vandi að flytja viðskiptin. Til þess að þetta geti haft einhver áhrif á markaðinn þurfa neytendur hins vegar að vera meðvitaðir um þennan möguleika og notfæra sér hann, í það minnsta til þess að kanna hvernig landið liggur.

Innihald vátryggingasamninga skiptir máli

Neytendasamtökin hafa lengi talað fyrir því að neytendur leiti tilboða þegar vátryggingarsamningar eru lausir og athugi þannig hvort þeir geti fengið betri samning annars staðar. Eins og áður segir þurfa samningar ekki lengur að vera lausir og er því hægt að leita tilboða hvenær sem er á gildistíma vátryggingarsamnings. Það er hins vegar mjög mikilvægt í þessu sambandi að bera saman epli og epli, en til þess að vera alveg viss um að svo sé þarf að grandskoða samninginn og skilmála viðkomandi vátryggingar. Ef um er að ræða vátryggingarsamning um bifreið, húsnæði, líf- og sjúkdómatryggingar og jafnvel fleiri tryggingar þarf að athuga fleira en bara upphæð iðgjalda. Þannig þarf að athuga hvort tryggingarnar séu sambærilegar þegar kemur að vátryggingarfjárhæð og fjárhæð sjálfsábyrgðar, og hvort skilmálar viðkomandi trygginga séu sambærilegir. Í skilmálum eins tryggingarfélags getur til dæmis komið fram að ákveðið tjón sé ekki bótaskyld þó svo að það væri bótaskyld samkvæmt skilmálum annars tryggingarfélags. Allir þessir hlutir skipta máli og það þarf að vara sig á því að líta ekki bara á upphæð iðgjaldsins.

Neytendasamtökin aðstoða félagsmenn

Neytendasamtökin fá stundum heimsóknir frá félagsmönnum sem vilja fá aðstoð við að átta sig á því hvort samningur sem verið er að bjóða þeim upp á sé í raun hagstæðari en eldri samningur. Fyrir skömmu leituðu til samtakanna hjón sem voru með nýtt tilboð frá tryggingarfélagi sínu í höndunum en það hljóðaði upp á smávægilega hækkun iðgjalda og voru aðrar forsendur óbreyttar. Raunar hafði iðgjald hjónanna hækkað lítillega undanfarin ár. Þar sem tryggingarfélög birta almennt ekki gjaldskrár var erfitt fyrir Neytendasamtökin að átta sig á því hvort tilboð tryggingarfélagsins væri sanngjarnt, eða hvort hægt væri að fara fram á lækkun iðgjaldsins. Af þeim sökum var hjónunum ráðlagt að leita tilboða hjá öðrum tryggingarfélögum og jafnframt að fara fram á það við sitt tryggingarfélag að iðgjaldið yrði lækkað eins mikið og félagið sæi sér fært að gera. Þetta átti heldur betur eftir að borga sig fyrir hjónin því iðgjald þeirra lækkaði um tæp 30% með samningi við annað tryggingarfélag. Vátryggingarfjárhæðir voru þær sömu, skilmálar sambærilegir og að auki bættust við ýmsir tryggingarliðir sem hjónin höfðu ekki verið með hjá sínu fyrra félagi, eins og gælundýratrygging. Á ársgrundvelli lækkaði iðgjald hjónanna um rúmlega 150.000 krónur og það án þess að umfang trygginga þeirra skertist að nokkru leyti.

Neytendasamtökin hafa einnig fengið mál til sín þar sem iðgjald er lækkað verulega og á yfirborðinu lítur nýr vátryggingarsamningur út fyrir að vera mun hagstæðari en sá fyrri. Þegar skilmálar og vátryggingarfjárhæðir eru hins vegar skoðuð kemur í ljós að svo er alls ekki, enda getur sjálfsábyrgð vegna hvers tjóns þá verið orðin mun hærri en í fyrri samningi.

Með ofangreint í huga vilja Neytendasamtökin hvetja félagsmenn til þess að leita tilboða og skoða vel vátryggingarsamninga sína. Með þeim hreyfanleika sem býðst eftir breytinguna á lögum um vátryggingarsamninga er auðveldara að flytja sig milli tryggingarfélaga og það eiga neytendur að nýta sér.



ECC-netið

- hvað er nú það?

ECC-netið (European Consumer Centre Net eða net Evrópsku neytendaaðstoðarinnar) samanstendur af 30 skrifstofum sem reknar eru í öllum ESB-ríkjunum auk Íslands og Noregs. Tilgangurinn er að veita íbúum þessara 30 landa ráðleggingar og aðstoð vegna viðskipta yfir landamæri innan EES-svæðisins, hvort sem viðskiptin fara fram í verslun seljanda eða í gegnum netið.

Á síðasta ári fagnaði ECC-netið tíu ára afmæli sínu en á þessum tíu árum höfðu 650.000 neytendur haft samband. Fjöldinn eykst ár frá ári og nú hafa um 100.000 neytendur samband árlega. Stundum er einfaldlega um að ræða fyrirspurnir, þ.e. neytendur vilja vita hvaða rétt þeir eiga í viðskiptum við seljendur í öðrum löndum, en í öðrum tilvikum hafa viðskipti þegar farið fram og neytendur vilja vita hvort brotið hafi verið á rétti þeirra. Þessum erindum er svarað og í mörgum tilvikum dugir sú leiðsögn neytendum til að leysa málin á farsælan hátt. Þrjár milljónir neytenda til viðbótar leita sér svo upplýsinga á heimasíðum ECC-stöðvanna. Í mörgum tilvikum (hátt í 40.000 á ári) tekur ECC-netið svo að sér milligöngu í deilumálum neytenda við seljendur. Ferlið er þá þannig að neytendur hafa samband við ECC-stöðina í sínu heimalandi sem tekur við gögnum málsins og áframsendir til ECC-stöðvarinnar í heimalandi seljandans, sem á svo í samskiptum við seljandann. Eigi íslenskur neytandi þannig í deilum við t.a.m. danskan seljanda þá er það danska ECC-stöðin sem reynir að komast að samkomulagi við seljandann, en þar eru fulltrúar með sérþekkingu í danskri löggjöf sem geta átt samskipti við seljendur á móðurmáli þeirra. Takist ekki að leysa málið með samningum er svo í mörgum tilvikum hægt að leita til úrskurðar- eða kærunefndar. Íslenska ECC-stöðin sér þá um samskipti við neytandann og fylgir málinu eftir erlendis.

Auk þess að leysa úr deilumálum vinnur ECC-netið að ýmiss konar sameiginlegum verkefnum. Nýlega gaf netið t.d. út aðra útgáfu ECC ferða-„appsins“ en það er ókeypis smáforrit sem auðveldar ferðamönnum að



Um ECC á Íslandi

ECC-Ísland er rekið af Neytendasamtökunum, en kostnaðurinn skiptist á milli ESB og innanríkisráðuneytisins. Hægt er að hafa samband við starfsfólk ECC alla virka daga frá kl. 10:00 – 15:00 í s. 5451200 en einnig má fræðast um ECC á Íslandi og ECC-netið í heild á glænýrri heimasíðu, eccisland.is.

Nýliðið ár var metár hjá ECC á Íslandi, en aldrei hafa fleiri neytendur haft samband við skrifstofuna en á árinu 2015. Þá hafði ECC-Ísland milligöngu í 63 kvörtunarmálum neytenda á árinu, sem er um 50% meira en árin á undan. Flest málin sem koma til kasta ECC á Íslandi varða flugferðir og bílaleigu, og flestar kvartanir vegna íslenskra seljenda berast frá frönskum, breskum eða dönskum ferðamönnum. Ítarlegri upplýsingar um tölfræði má finna í ársskýrslu ECC á Íslandi á heimasíðunni eccisland.is.

kynna sér réttarstöðu sína og tjá sig á 25 evrópskum tungumálum. Forritið má nálgast á heimasíðunni eccisland.is. Á heimasíðunni er jafnframt að finna fjölmargar skýrslur sem netið hefur unnið, þ.á.m. um réttindi flugfarþega og kaup á netinu. Þjónusta ECC er ókeypis og opin öllum neytendum.



Reynslusögur

Brotinn öxull á bílaleigubíl

Aðeins þremur dögum eftir að breskir ferðamenn leigðu sér bíl hér á landi brotnaði öxull bifreiðarinnar þar sem þeir voru á ferð um Vestfirði. Við nánari skoðun kom í ljós að hjólabúnaður bifreiðarinnar var afar illa farinn af ryði og töldu ferðamennirnir bifreiðina því ekki örugga til aksturs. Næsta dag kom bílaleigan með annan bíl í stað þess skemmda, en ferðamennirnir kröfðust þess að fá endurgreidda leigu fyrir þann tíma sem þeir gátu ekki notað bifreiðina, ásamt því að fá endurgreidda gistingu sem þeir höfðu greitt fyrir en gátu ekki nýtt sér. Þegar ekki leystist úr málinu höfðu ferðamennirnir samband við ECC á Bretlandi. Eftir að ECC á Íslandi hafði samband við bílaleiguna greiddi hún kröfu neytendanna að fullu.

Gallaður gæluköttur

Belgískur neytandi keypti hreinræktaðan kött af frönskum ræktanda í gegnum internetið og greiddi 1.500 evrur fyrir. Fljótlega eftir að kötturinn barst kaupandanum kom í ljós að hann átti því miður við heilsufarsvandamál að stríða og dó mánuði seinna, þrátt fyrir að leitað væri til dýralæknis. Í kjölfarið leitaði neytandinn til ECC í Belgíu sem hóf að vinna í málinu með ECC í Frakklandi. Eftir að ræktandanum var bent á að kötturinn hefði verið haldinn galla í lagalegum skilningi féllst hann á að endurgreiða kaupverðið.

Árekstur á bílaleigubíl

Franskur ferðamaður leigði bíl á ferðalagi sínu á Íslandi og lenti í áresktri meðan á leigunni stóð. Bílaleigan rúkkaði ferðamanninn um 1.500 evrur vegna tjónsins, en hann taldi sig ekki ábyrgan fyrir öllu tjóninu. Eftir að leitað var til tjónanefndar tryggingarfélaganna var sök skipt til helminga á milli ferðamannsins og ökumanns hinnar bifreiðarinnar og fékk hann því endurgreiddan mismuninn af því sem hann hafði greitt í upphafi og því sem nam raunverulega tjóni, eða um 739 evrur.

Hrotuarmbandið

Belgísk kona sem var orðin langþreytt á hrotunum í manningum sínum keypti hrotuarmband á netinu af hollenskum seljanda. Armbandið virkaði þannig að þegar maðurinn hraut fékk hann raflost sem varð til þess að hroturnar hættu. Þessi lausn dugði vel í eitt og hálf ár en þá fékk maðurinn annars stigs bruna á úlnliðinn og handlegginn – þar sem hann var vanur að vera með armbandið. Í kjölfarið þurfti hann læknaaðstoð auk þess sem nokkur kostnaður féll til vegna umbúða og brunasmyrsls. Seljandinn neitaði hins vegar að bæta þann kostnað og það var ekki fyrir en ECC-netið skarst í leikinn að hjónin fengu bætur frá seljandanum.

Aukning í netverslun

Árið 2004 sögðust aðeins 20,4% íbúa ESB-ríkja kaupa vörur eða þjónustu í gegnum internetið. Árið 2014 var þessi tala orðin 50,2% og þar af sögðust 14,6% kaupa vörur á netinu af seljendum í öðrum ESB-ríkjum. Talið er að internetverslun sé nú 7% allrar smásöluveltu innan ESB. Því er ljóst að um gríðarstóran markað er að ræða sem væntanlega fer bara vaxandi. Næstum 70% mála sem ECC-netið fær nú til meðferðar varða kaup af einhverju tagi sem fara fram á netinu, en ekki í verslun seljanda. Rétt er að hafa í huga að sambærileg löggjöf (t.a.m. þegar kemur að reglum um að hætta megi við netkaup) gildir um allt EES-svæðið hvað varðar netverslun. Þrátt fyrir það er ljóst að stór hluti neytenda er enn smeykur við að eiga viðskipti á netinu við seljendur í öðrum löndum, en þá er gott að vita af ECC-netinu. Rétt er þó að hafa í huga að ECC-netið starfar bara innan ESB, á Íslandi og í Noregi og getur því ekki veitt sambærilega aðstoð vegna netviðskipta við seljendur í Ameríku eða Asíu.

Ábyrgð og ábyrgð

Nýlega gaf ECC-netið út skýrslu um annars vegar lögbundin úrræði neytenda vegna galla og ábyrgðar-yfirlýsingar seljenda hins vegar, en þar var því velt upp hvort það væri þess virði að kaupa sérstaka ábyrgð af seljanda. Rétt er að hafa í huga að ábyrgð seljanda og lögbundinn kvörtunarfrestur eru í raun ólíkir hlutir sem ekki ætti að rugla saman. Vara, á borð við t.d. dýnu eða eldhúsinnréttingu, getur þannig verið markaðssett og seld með tíu ára ábyrgð, ef til vill aðeins á einstökum hlutum hennar. Samkvæmt lögum getur neytandi kvartað yfir galla á vöru í tvö, eða eftir atvikum fimm, ár frá því hann veitir henni viðtöku, að því gefnu að hann tilkynni um gallann innan hæfilegs tíma. Ekki er því heimilt að auglýsa ábyrgð á vöru nema í ábyrgðinni felist raunverulega eitthvað meira en neytandinn á lagalegan rétt á.

Neytendur eru sérstaklega hvattir til að kynna sér nýja heimasíðu ECC á Íslandi, www.eccisland.is, en þar er m.a. að finna upplýsingar um allar ECC-stöðvarnar, fjölmargar reynslusögur neytenda, spurt- og svarað-kafla, og ýmsar skýrslur sem ECC á Íslandi, og netið í heild, hafa gefið út.

Loftslagsbreytingar

- kalla á byltingu í framleiðslu- og neysluvenjum

Í desember náðust sögulegir samningar í París um takmörkun á hlýnun jarðar. En hvað þarf til þess að við náum markmiðunum?

Hverjum á að trúá?

Í umræðu undanfarinna ára hefur stundum litið út fyrir að efasemdir séu enn um hvort loftslagsbreytingar séu af mannavöldum eða af náttúrulegum orsökum. Sú ímynd er þó afar villandi. Vísindanefnd Johnsons Bandaríkjaforseta varaði þegar árið 1965 við því að brennsla jarðefnaeldsneytis gæti haft ófyrirséðar afleiðingar, sem loftslagsfræðingar NASA staðfestu svo árið 1981. Í dag eru 97% vísindamanna sannfærðir um að loftslagsbreytingar séu af mannavöldum, þótt erfitt sé að spá nákvæmlega um áhrifin. Hin 3% eru aðallega menn sem þjóna hagsmunum olíu-, gas- og kolaiðnaðarins að meira eða minna leyti. Breski miðillinn The Guardian uppljóst-raði árið 2013 að nafnlausir milljarðamæringar hefðu varið meira en 120 milljónum dollara á árunum 2002 til 2010 til að vefengja loftslagsvísindi. Samkvæmt Greenpeace hefur olíurisinn ExxonMobil notað yfir 30 milljónir dollara til að styðja loftslagsefasemdamenn, þrátt fyrir að gögn sem nýlega var lekið sýni að vísindamenn innan fyrirtækisins hafi varað stjórnendur við loftslagsbreytingum af mannavöldum þegar árið 1978. Því miður hefur jarðefnaeldsneytisiðnaðinum tekist ætlunarverk sitt.

Þjóðir hafa komið reglulega saman í meira en 20 ár til að ræða loftslagsbreytingar en hingað til hafa samningar lítil sem engin raunveruleg áhrif haft og aukning í losun gróðurhúsalofttegunda hefur haldið áfram óheft.

Tímamótasamningar í París

Flestir eru þó sammála um að loftslagssamningurinn í París nú fyrir áramót marki ákveðin tímamót. Þjóðarleiðtogar heimsins sameinuðust um það markmið að takmarka hlýnun jarðar við 2°C til ársins 2100 og keppast við að sjá til þess að hlýnunin verði ekki meiri en 1,5°C. (Þess má geta að hlýnun er þegar um 1°C frá tímum iðnbyltingarinnar.)

Sumir vilja meina að samkomulagið boði endalokin á notkun jarðefnaeldsneytis, en mörg grasrótarsamtök og þekktir einstaklingar á borð við loftslagsfræðinginn James Hansen og Bernie Sanders, forsetaframboðsefni Demókrataflokkssins, hafa gagnrýnt að lítið sem ekkert bendi til þess að markmiðum samkomulagsins verði náð þar sem ekki eru gerðar bindandi kröfur um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Almennt séð er niðurstaðan þó talin vera betri en búist var við og það besta sem raunhæft var að reikna með út frá pólitísku sjónarhorni.

Sérfræðingar segja að til þess að hafa hemil á loftslagsbreytingum og ná markmiðum Parísarsamningsins þyrftum við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda tafarlaust og hratt, eða jafnvel um 10% árlega. Í rauninni eru þó allar líkur á að losunin muni halda áfram að aukast jafnvel í áratug í viðbót áður en ný tækni og orkulausnir taka smám saman við. Eitt er víst; við stöndum frammi fyrir gríðarmiklum samfélagsbreytingum á komandi árum og „business as usual“ er ekki valkostur.

Töfralausnir til bjargar?

Margir binda vonir við stórfellda bindingu kolefnis með landgræðslu sem einfalda leið til að takmarka hlýnun jarðar. Þess má þó geta að til þess að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins með bindingu kolefnis þyrfti landrými sem samsvarar þrefaldri stærð Indlands, á

sama tíma og aukinn íbúafjöldi á jörðinni krefst meira landrýmis fyrir borgir og landbúnað. Slíkar lausnir geta því aldrei komið í staðinn fyrir takmarkanir á sjálfri uppsprettunni, þ.e.a.s. útblæstri loftslagsgastegunda. Eigum við þá að binda vonir við töfralausnir í orkuframleiðslu í staðinn?

Bill Gates er meðal þeirra sem í kjölfar Parísarsamningsins hafa kallað eftir auknu fjármagni til rannsókna á byltingarkenndum endurnýjanlegum orkulausnum. Gagnrýnendur hafa þó verið fljótir að benda á að það tekur a.m.k. áratug að þróa og innleiða algjörlega nýjar orkulausnir – og tíminn er naumur.

Í staðinn fyrir að binda vonir við frekari rannsóknir þarf heimurinn nú fyrst og fremst tafarlaust mikla fjárfestingu í uppbyggingu og innviðum fyrir núverandi tækni svo sem vind- og sólarorku. Morgan Bazilian, orkusérfræðingur hjá Alþjóðabankanum, staðfesti nýlega í viðtali við Bloomberg að nægileg endurnýjanleg orka á lágu verði stendur til boða með tæknilausnum sem nú þegar eru til staðar.

Rannsókn á vegum NOAA (National Oceanic and Atmospheric Administration, USA) hefur ályktað að umskipting í áreiðanlegt lágkolvetnakerfi fyrir framleiðslu og dreifingu rafmagns með núverandi tækni tæki um 15 ár – ef viljinn er fyrir hendi.

„Við getum ekki leyst vandamál með sama hugarfari og við notuðum þegar við bjuggum þau til“

(Einstein)

Boða nýju sjálfbærnimarkmiðin breytta stefnu?

Síðasta haust komu þjóðarleiðtogar heims saman og tilkynntu ný sjálfbærnimarkmið Sameinuðu Þjóðanna (SP). Meðal helstu markmiða er að útrýma fátækt og bæta velferð, en einnig eru sett markmið um verndun umhverfis og takmörkun loftslagsbreytinga. Auk þess er áhersla lögð á að stuðla að sjálfbærum orkulausnum og tryggja sjálfbæra framleiðslu og neyslumynstur.

Jafnvel fólk innan SP og Alþjóðabankans viðurkennir þó að til þess að uppfylla þróunar-, umhverfis- og loftslagsmarkmiðin þurfi mun meira en alþjóðlega samninga. Æ fleiri (þar á meðal páfinn) kalla nú eftir gjörbreyttri hugsun við að leysa loftslagsvandann – enda orðið ljóst að markaðskerfi heimsins í núverandi formi mun ekki geta komið í veg fyrir hlýnun jarðar. Brýn þörf er á sterkum reglum og efnahagslegum hvötum til að stýra hagkerfinu í umhverfisvæna átt.



Stórfyrirtæki sein til

Það að sporna við loftslagsbreytingum virðist þó ekki vera á forgangslista leiðtoga stærstu fyrirtækja heimsins, en þeir hittust nýlega á ársfundi Alþjóðaeftnahagsþingsins (World Economic Forum, WEF) í Davos. Í könnun meðal forstjóranna, þar sem spurt var um helstu ógnir fyrir atvinnulífið, voru loftslagsbreytingar hvergi nefndar. Í staðinn höfðu forstjórnarnir áhyggjur af reglugerðarbákninu, netárásum og ólgu í samskiptum þjóða.

Niðurstöðurnar benda til þess að forstjórar stórfyrirtækja séu seinir að átta sig á hvert stefni og þeir eru á öndverðum meiði við niðurstöður rannsókna á vegum sömu samkomu þar sem fræðimenn og ýmsir sérfræðingar voru beðnir að telja upp helstu ógnirnar. Niðurstaða þeirrar vinnu var að loftslagsbreytingar væru stærsta ógnin við markaðskerfi heimsins árið 2016.

BEUC kallar eftir breyttum neysluvenjum

Í ljósi fáfræði forstjóranna virðist ekki von til að atvinnulífið taki þátt í loftslagsbreytingunni nema neytendur – og hið opinbera – krefjist þess. Evrópusamtök neytenda, BEUC, eru meðal þeirra sem kalla eftir breytingum. Að mati samtakanna er nauðsynlegt að skilja og breyta neysluhegðun á heimsvísu til þess að bregðast við loftslagsvandann á árangursríkan hátt. Samtökin hafa gagnrýnt Evrópusambandsríkin fyrir að bregðast þegar kemur að því að útskýra hvaða áhrif loftslagsbreytingar munu hafa á aðgang að grunnvörum og þjónustu, svo sem vatni, orku, matvælum og flutningum, ásamt því að útskýra hvaða breytinga á lífsstíl neytenda er þörf á. BEUC undirstríkar þörfina á að stýra hagkerfinu í átt að lágkolvetnissamfélagi með hagrænum hvötum, endurnýjanlegum orkulausnum og orkunýtni, en bendir enn fremur á þörfina fyrir traustar upplýsingar um umhverfislega frammistöðu vöru og þjónustu til að hvetja til ábyrgar ákvarðanatöku.

Byltingin byrjar hjá okkur

Sem neytendur erum við oft föst í ákveðnu hegðunarmynstri án þess að velja fyrir okkur umhverfisáhrifunum. Við getum þó ekki beðið endalaust í þeirri von að þjóðarleiðtogar eða stórfyrirtæki leysi vandann fyrir okkur. Hér, eins og svo oft, gilda orð Gandhi um að vera sjálf breytingin sem við viljum sjá í heiminum.

Anne Maria Sparf

Greinar í Neytendablaðinu árin 2014-2015

Titill	Bls.	Tbl/ár	Titill	Bls.	Tbl/ár	Titill	Bls.	Tbl/ár
EFNI Í NEYSLUVÖRUM			HEILBRIGÐISMÁL			NEYTENDAÞITUND / NEYTENDARÉTTUR		
Hættuleg efni í hárlitum	7	1/2014	Rafsígarettur	6	2/2014	Lög um neytendakaup	15	2/2014
Daglegt líf án eiturefna	6	3/2014	Lífsgæði eldra fólks	14	4/2014	Ráðvilltir neytendur	19	3/2015
PFOS – lífræn flúorefni	16	4/2014	Reykmettaðar leiksýningar	18	2/2015	Biluð heimilistæki	6	3/2015
BPA Bisfenól-A	15	2/2015				Ábyrgð eða ábyrgð?	11	3/2015
Hormónaraskandi efni	8	3/2015	HÚSNÆÐISMÁL			Skrifleg tilboð	22	3/2015
FERÐAMÁL			Ný lög um fasteignasala	5	1/2014	Áætluð rafmagnsnotkun	19	4/2015
Týndur farangur	6	1/2014	Villta vestrið í húsnæðismálum	2	3/2014	SAMKEPPNI OG VERÐLAG		
Umhverfis Evrópu í 80 orðum	4	2/2014	Leiguherbergi	18	1/2015	Þegar dauðann ber að garði	17	1/2014
Sögur frá ECC	5	2/2014	Fasteignarleitin	22	2/2015	Lækkum vöruverð	2	2/2014
Gullgæsin krufin	2	2/2015	Hækkun húsaleigu	10	3/2015	Verðmerkingar	4	2/2014
Deilihagkerfið	8	2/2015	Gátlisti fasteignakaupandans	23	3/2015	Svartsýnisraus	2	4/2014
Ráð um bílaleigu	19	2/2015	Þingmál um leigumarkaðinn	3	4/2015	Kassakvittun	20	4/2014
Hætt við gistingu	5	3/2015	Skrítnir leigusamningar	10	4/2015	Það er vel hægt að lækka vöruverð	2	1/2015
Aukagjald bílaleigu	5	3/2015	MARKAÐSSETNING			Listin að semja um verð	6	2/2015
Bætur vegna seinkaðs flugs	5	3/2015	Verðmerkingar í búðargluggum	17	3/2014	Að segja upp tryggingum	14	2/2015
Innhverf í orlofi	2	3/2015	Nudge – hvað stjórnar vali þínu?	22	3/2014	Samsung eða iPhone?	8	4/2015
Sögur frá ECC	5	4/2015	Bíleigendur blekkir	20	2/2015	Sími eða myndavél?	9	4/2015
FJARSKIPTI OG NETIÐ			Google í vondum málum	21	2/2015	UMHVERFI		
Heimasímanum sagt upp	10	1/2014	MATVÆLI OG LANDBÚNAÐUR			Húsið – nýtt app frá Náttúran.is	21	3/2014
Réttindi símnótenda	22	1/2014	Sáttmáli um upprunamerkingar	3	1/2014	Jarðhiti og heilsufar	9	1/2015
Áskriftarleiðir símafyrirtækjanna	18	2/2014	Um hitastig í ísskápum	4	1/2014	Bílar – eldsneytisnotkun	14	1/2015
Farsímanotkun erlendis	20	3/2014	Mjólk í brennidepli	11	1/2014	Loftslagsbreytingar	16	4/2015
Sjónvarpsáskriftir	21	4/2014	Löggjöf um matvæli	14	1/2014	Jólaneyslan	22	4/2015
Einstaklingshegðun í beinni	14	3/2015	Kjúklingaframléiðslan	8	2/2014	ÝMISLEGT		
FJÁRMÁL			Matvælasóun	16	3/2014	Matarsódi	22	2/2014
Lán í boði	2	1/2014	Eggjaframléiðslan	6	4/2014	Hálkuslys	8	3/2014
Erfðaréttur – erfðaskrár	20	1/2014	Sushi	18	4/2014	Saga af sjö slæmum neytendum	14	3/2014
Rýnt í gjaldskrá bankanna	3	1/2015	Matvælamerkingar	6	1/2015	Tjón af innkaupakertrum	10	4/2014
Gluggaumslagið	17	3/2015	Óhollur matur	23	1/2015	Friðhelgi einkalífsins	20	1/2015
Breytinga þörf á fjármálamarkaði	3	4/2015	Hvað er „vistvæn“ landbúnaðarvara	2	4/2015	Leiðbeiningar á íslensku?	22	1/2015
Hætt við kortaúttekt	14	4/2015	Velferð nautgripa	6	4/2015	NEYTENDASAMTÖKIN		
GÆÐAKANNANIR			Lög um neytendakaup	15	2/2014	Ráðvilltir neytendur	19	3/2015
Uppþvottavélar	8	1/2014	Biluð heimilistæki	6	3/2015	Ábyrgð eða ábyrgð?	11	3/2015
Sjónvörp	11	2/2014	Skrifleg tilboð	22	3/2015	Áætluð rafmagnsnotkun	19	4/2015
Snjallsímar	11	3/2014	NEYTENDASAMTÖKIN					
Þvottavélar	11	4/2014	Lög um neytendakaup	15	2/2014			
Ryksugur	12	1/2015	Ráðvilltir neytendur	19	3/2015			
Örbylgjuofnar	16	1/2015	Biluð heimilistæki	6	3/2015			
Sjaldtölur	12	2/2015	Ábyrgð eða ábyrgð?	11	3/2015			
Sjónvörp	12	3/2015	Skrifleg tilboð	22	3/2015			
Þvottavélar	12	4/2015	Áætluð rafmagnsnotkun	19	4/2015			



Neytendasamtökin

frjáls félagasamtök síðan 1953